



kjarninn

13. útgáfa - 14. nóvember - vika 46

North Sea



LUXEMBOURG

LÍBÍUFÉ Á ÖGURSTUNDU

Ráðamenn í Lúxemborg
vildu fé frá Líbíu til að
styrkja fjármálakerfið

Líbíumenn voru til í að
kaupa starfsemi
Kaupþings í Lúxemborg

Æsileg atburðarás
rakin í leynilegri
skýrslu



Engar áhyggjur

Gulu hnapparnir virka kannski ekki í vefútgáfu Kjarnans. Þeir eru hannaðir fyrir iPad og virka sumir bara þar...

Upplifðu Kjarnann í sínum náttúrulegu heimkynnum í iPad.


Efnisyfirlit

13. útgáfa
14. nóvember 2013
vika 46



STJÓRN MÁL

Barátta milli gamla og nýja tímans



DANMÖRK

Óperuhúsið í Sydney byggt með herkjum



TOPP 5

Vörumerkin sem hrundu

ÁLIT

„Ástæðan getur líka verið verið efnahagspólitísk, svo sem að draga úr þenslu í efnahagslífinu, eða fjármálaleg, til að draga úr skuldsetningu ríkissjóðs.“

Indriði H. Þorláksson



KANADA

Kaupstaðarlykt og krakk í Toronto



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Ólafur Adólfsson apótekari

Risinn Ólafur í erfiðri keppni við risana



KJARNAOFNINN

Gerðu vinsælasta app í heimi



BÆKUR

Ljóðabækur sem gleðja

ÁLIT

„Þegar kemur að því að taka lán eru Íslendingar svolítið eins og maður í eyðimörk að leita að vatni. Þegar loksins býðst vatn til sölu er hvorki spurt út í kostnað né gæði heldur er vatnið keypt og þambað af áfergju.“

Árni Helgason

PISTILL

„Á síðustu árum hefur tilkynntum brotum til lögreglu fækkað umtalsvert á flestum sviðum. Í síðustu samantekt lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á tölfræði má sjá að þjófnum hefur fækkað um 8 prósent á þessu ári.“

Stefán Eiríksson



DÓMSMÁL

Rannsókn hætt á Sterling-viðskiptum



TÓNLIST/BÓKMENNTIR

Per: Segulsvið stoppar upp hana



HÖNNUN

Scintilla með stílyfirlýsingu

Áréttingar

Í umfjöllun um umsvif vögunarsjóðsins Burlington Loan Management á Íslandi í síðustu útgáfu Kjarnans kom fram að Síminn væri í eigu Klakka. Það er ekki rétt. Við fjárhagslega endurskipulagningu Símans í sumar tóku kröfuhafar félagsins yfir eignarhald þess. Þeir eru alls 128 talsins og Arion banki þeirra stærstur með 38 prósent hlut.



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is

www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

„Hraðari eignamyndun
eða léttari greiðslubyrði?“

Vigdís Björk Ásgeirsdóttir
Fjármálaráðgjafi



Lánamöguleikar



ARION ÍBÚÐALOUSNIR

Allt um íbúðalán hér

 Arion banki



Með almannahag að leiðarljósi

LEIÐARI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Deildu með umheiminum



Eitt af því sem hefur skipt sköpum fyrir íslenskan efnahag á árunum eftir hrun fjármálakerfisins, fyrir rúmum fimm árum, er makrílveiðar. Makrillinn kom inn í lögsöguna í miklu magni á skömmum tíma. Eflaust hefur hann étið mikinn lífmassa frá öðrum tegundum og haft þannig neikvæð áhrif á fæðumöguleika þeirra. En á móti kemur að verðmætaaukningin af makrílveiðunum hefur verið gríðarleg fyrir íslenskan sjávarútveg. Stjórnvöld, sem fara með stjórn íslenskrar lögsögu í umboði almennings samkvæmt lögum og stjórnarskrá, hafa til þessa ekki haft makrílveiðarnar inni í kvótakerfi.

Stærstu útgerðarfyrirtæki landsins hafa notið góðs af makrílnum. Það sést á rekstrartölum. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam um 80 milljörðum króna hjá sjávarútveginum árið 2011 og hækkaði um 26 prósent frá árinu á undan samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Það eru síðustu birtu heildartölur fyrir atvinnugreinina í heild. Þetta eru bestu afkomutölur sem sjávarútvegurinn hefur nokkru sinni sýnt. Heildartölur fyrir árið 2012 liggja ekki fyrir enn samanteknar en allt bendir til þess að afkoman í fyrra hafi verið svipuð eða betri en árið á undan. Svipað er uppi á teningnum á þessu ári þótt vissulega sé afkoman nokkuð breytileg eftir útgerðarflokkum. Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja hefur á heildina litið aldrei gengið betur en á síðustu árum, sé horft til fyrrnefnds mælikvarða.

Makrílveiðarnar eiga stóran hlut í þessari afkomu. Það sést á uppgjörum stærstu útgerðarfyrirtækjanna sem hafa stundað veiðar og vinnslu á makríl, þar á meðal Samherja, HB Granda, Síldarvinnslunnar og Ísfélags Vestamannaeyja. Uppgjör Síldarvinnslunnar gefur glögga mynd af því hversu arðbærar makrílveiðarnar hafa verið. Hagnaður í fyrra nam sjö milljörðum, heildartekjur voru 24 milljarðar og EBITDA-framlegðin nam 9,6 milljörðum.

Hagnaður Samherja í fyrra var síðan langsamlega mesti hagnaður sem íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki hefur sýnt, um 16 milljarðar.

Óhætt er að segja að þessar rekstrartölur séu með miklum ólíkindum í sögulegum samanburði. Að hluta eru þær tilkomnar vegna þess að útgerðarfyrirtækin hafa ekki greitt neitt fyrir makrílkvóta heldur fengið að veiða á grundvelli veiðireynslu sem var lítil sem engin þegar veiðarnar hófust. Síðan hafa veiðarnar aukist hratt og tekjurnar með af sölu á erlenda markaði.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins stendur nú frammi fyrir risaákvörðun. Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra segir að makrílkvótinn verði settur varanlega inn í kvótakerfi á næsta ári og mið verði tekið af aflareynslu skipa. Þetta er sakleysisleg fyrirætlan en hefur mikið vægi. Þá liggur líka fyrir að alþjóðadeilan sem Ísland á aðild að er snýr að makrílveiðum er enn óleyst.

Vonandi bera Sigurður Ingi og ríkisstjórnin gæfu til þess að nýta þetta einstaka tækifæri til þess að bæta hag ríkissjóðs, sem er í afar viðkvæmri stöðu vegna mikilla skulda. Markaðsvirði núverandi makrílkvóta, sé miðað við þorskígildisstuðul makrílkvótans í ár (0,36), heildarkvóta í tonnnum (123 þúsund tonn) og meðalverð kvóta á þorskígildum (um 2.200 kr. á kíló í síðustu viðskiptum), gæti því verið tæplega 100 milljarðar króna miðað við þessar forsendur. Þetta eru gríðarleg peningaleg verðmæti sem Sigurður Ingi og ríkisstjórnin eru með í höndunum í umboði almennings. Vonandi hvarflar ekki að neinum að gefa þessi verðmæti. Það væri algjört glapræði í ljósi slæmrar stöðu ríkissjóðs og augljós spilling að auki, á kostnað almennings. Ýmsar útfærslur eru mögulegar fyrir sjávarútvegsráðherrann; leigja hluta kvótans, selja hluta kvótans einfaldlega á uppboði til hæstbjóðanda og svo framvegis.

Ríkisstjórnin þarf að hugsa um almannahag og hafa hann að leiðarljósi. Ef útgerðarmenn fara að beita hræðsluáróðri verða stjórnvöld að vera með upplýsingar um rekstrartölur fyrirtækjanna við hendina. Með þeim er hægt að þagga niður í grátkórnum sem stundum fer af stað þegar hagsmunir útgerðarfyrirtækja eru annars vegar. En ef útgerðarmenn ætla að vera samkvæmir sjálfum sér þegar kemur að makrílkvótanum munu þeir fagna því að stjórnvöld líti á makrílkvótann sem verðmæta eign. Þeir verða að sætta sig við það að stjórnvöld eru ekki í neinni aðstöðu til þess að gefa frá sér tugmilljarða verðmæti eða selja fyrir slikk. Mikilvægt er að almannahagsmunir verði hafðir að leiðarljósi og stjórnvöld sýni í verki að þau vilji lækka skuldir ríkissjóðs og verja velferðarkerfið fyrir frekari skakkaföllum með því að fá í kassann peninga frá útgerðarfyrirtækjum vegna makrílveiða í íslenskri lögsögu.

„Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins stendur nú frammi fyrir risaákvörðun. Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra segir að makrílkvótinn verði settur varanlega inn í kvótakerfi á næsta ári og mið verði tekið af aflareynslu skipa.“

FELLIBYLUR Á FILIPPSEYJUM

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin





8. nóvember

Ofurfellbylurinn Haiyan gekk á land á Filippseyjum á föstudaginn og hafði þá náð fimmta og efsta stigi fellibylja. Þann sess fær fellibylur ekki fyrr en vindhraði hans hefur náð 70 m/s. Mesti vindhraði Haiyan var 87,5 m/s, sem gerir hann að fjórða öflugasta fellibyl sem mældur hefur verið. Myndin er tekin í Legaspi, rétt sunnan höfuðborgarinnar Maníla. Ógurlegur vindur reif þök af byggingum og fjallhár öldur skoluðu heimilum út í hafsauga.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





10. nóvember

Tveimur dögum eftir að Haiyan gekk á land blasti alger eyðilegging við þeim íbúum sem komust lífs af. Lík lágu á víð og dreif á eyjunum innan um brak úr húsum og öðrum mannvirkjum. Þessi stúlka fylgdist með Noel Celis, ljósmyndara AFP-fréttastofunnar, úr skýli sínu sem hún gerði sér úr rifnum tjöldum og spýtnabraki. Örvæntingin leynir sér ekki enda er enga fæðu að fá. Tala látinna er talin vera hátt í 10.000 manns.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





11. nóvember

Á mánudag var ástandið orðið enn verra vegna gríðarlegs skorts á fæðu. Í örvæntingu leitar fólk að fæðu um borð í skipi sem bylurinn og öldurnar skoluðu á land á Leyte-eyju. Tilraunir til neyðaraðstoðar voru í hættu vegna þess að örvilnað fólk vistunum sem átti að gefa bágstöddum. Varð það til þess að hundruð her- og lögreglumanna voru kölluð til Tacloban á austurströnd Leyte til að gæta réttlætis.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





12. nóvember

Sameinuðu þjóðirnar telja að afleiðingar fellibylsins Haiyan hafi snert um ellefu milljónir manna. Heilu borgirnar á eyjunum Leyte og Samar eru rústir einar, en þar olli bylurinn mestu tjóni. Fjölmargir eru heimilislausir og sjá sér ekki fært að vera lengur á heimaslóðum. Fórnarlömb biðu því eftir brotflutningi á flugvælinum í Tacloban-borg, þar sem eyðileggingin er alger.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





12. nóvember

Mikil sóttþætta skapaðist í vikunni vegna rotnandi líka fórnarlamba fellibylsins sem lágu um allt innan um brakið. Líkhúsið í Tacloban varð illa úti í fellibylnum og því var líkum komið fyrir í bráðabirgðalíkhúsi í borginni. Á þriðjudag var breskum og bandarískum herskipum stefnt til Filippseyja til aðstoðar við hjálparstarf þar. Herskipin geta meðal annarsframleitt gríðarlegt magn ferskvatns úr menguðu vatni.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





13. nóvember

Taívanskir og filippseyskir landgönguliðar afferma hér Hercules-flugvél taívanska hersins sem flaug til eyjarinnar Cebu með hjálpargögn í gær. Taívanar sendu tvær flugvélar með um fimmtán tonn af gögnum, mat og teppi, auk 200 þúsund Bandaríkjadala sem þeir gáfu til hjálparstarfsins. Að minnsta kosti 74 tonn til viðbótar verða send til Filippseyja frá hinum ýmsu heims- hornum. Ljóst er að náttúruhamfarirnar eru þær verstu í sögu landsins.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





⚡ 18th & 19th Century History

⚡ Paintings

⚡ Fashion

⚡ War History

⚡ Celebrities

⚡ Landmarks

⚡ Geology

⚡ Clothes

⚡ European History

⚡ Animals

⚡ Video Games

⚡ Mammals

⚡ Movie Classics

⚡ Name the Country

⚡ Chemistry

⚡ Name the Artist


YFIR 150 ÞÚSUND SPURNINGAR
Í YFIR 250 FLOKKUM

Plain Vanilla kynnir stærsta spurningaleik
allra tíma. Kominn út!

Download on the
App Store



QuizUp



Hverfandi risar

VIÐSKIPTI

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is



Deildu með
umheiminum

Ekkert er eilíft. Ekki einu sinni alþjóðleg stórfyrirtæki. Á undanförunum árum hefur það gerst nokkrum sinnum að vörumerki sem nánast hvert mannsbarn hefur þekkt hafa þurft að leggja upp laupana eða draga í það minnsta stórkostlega úr starfsemi sinni. Ástæðan er mjög einföld: breytingar í neysluhegðun, tækni-framfarir eða ósjálfbær kostnaður við framleiðslu gerði það að verkum að reksturinn stóð ekki lengur undir sér. Kjarninn skoðaði hrikalegustu föllin og valdi fimm vörumerki út úr sem hafa annaðhvort horfið á undanförunum árum eða eru ekki einu sinni skugginn af því sem þau voru hér áður fyrr.

1 Kodak

Á meðan nauðsynlegt var að framkalla allar ljósmyndir var Kodak með ótrúlega stöðu á alheimsmarkaðnum. Árið 1976 seldi fyrirtækið 89 prósent allra filma í Bandaríkjunum. Slagorð Kodak, „Kodak moment“, náði meira að segja inn í almennt talmál sem heiti yfir eitthvað sem hefði átt að nást á mynd.

Í lok tíunda áratugarins fór stafræna myndavélin að ryðja sér til rúms. Kodak hafði reyndar sjálft fundið upp grunn-tæknina sem hún notaðist við en ákvað að veðja ekki á þann hest, enda hafði fyrirtækið vel upp úr ljósmyndageiranum eins og hann var. Öllum er þó ljóst í dag að þetta var afleikur hjá Kodak og mjög hratt fjaraði undan rekstrinum.

Snemma á síðasta áratug var reynt að grípa til stórtækra breytinga á viðskiptamódelinu og fókussinn settur á stafræna tækni og sérstaklega stafræna prentun. Á svipuðum tíma fóru myndavélar að færast meir og meir inn í farsíma og samhliða minnkandi markaðurinn fyrir sérstakar stafrænar myndavélar, sem Kodak ætlaði að sækja inn á, gríðarlega á mjög skömmum tíma.

Þessi viðsnúningur virkaði því alls ekki og í janúar 2012 fór Kodak í greiðslustöðvun. Í september síðastliðnum var henni aflétt og fyrirtækið er því enn starfandi. Það einbeittir sér helst að stafrænni prentun í dag en umsvifin eru einungis brotabrot af því sem þau voru þegar best lét.



2



Saab

Saab AB, sem stendur fyrir Svenska Aero-plan AB (eða sænska flugvélafyrirtækið á íslensku) var stofnað árið 1937. Tilgangurinn var upphaflega að búa til flugvélar fyrir sænska flugherinn í aðdraganda seinni heimsstyrjaldar. Árið 1945 byrjaði Saab síðan að hanna og framleiða bíla. Árið 1969 sameinaðist fyrirtækið Scania undir eignarhaldi Wallenberg-fjölskyldunnar, sem er ein af helstu stöðum sænska efnahagskerfisins.

Á áttunda og níunda áratugnum var hinn goðsagnakenndi Saab 900-bíll framleiddur í næstum milljón eintökum. Hann varð langmest selda tegund sem fyrirtækið hefur framleitt. Árið 1989 keypti bandaríski bílarísinn General Motors sig inn í Saab-fyrirtækið og eignaðist það að fullu árið 2000. Síðan þá hefur molnað undan rekstrinum. Í desember 2008

var tilkynnt að framtíð Saab-vörumerkisins hefði verið tekin til endurskoðunar. Annaðhvort yrði bílaframleiðandinn seldur eða starfsemi hans lögð niður. Þrátt fyrir áhuga hjá næstum 30 mögulegum kaupendum endaði Saab í greiðslustöðvun. Á endanum fannst nýr kaupandi en það skilaði litlu. Í desember 2011 sótti Saab um að vera tekið til gjaldþrotaskipta eftir þriggja ára baráttu við að halda lífi. Samkvæmt sænskum gjaldþrotalögum er hins vegar hægt að kaupa fyrirtæki úr gjaldþroti.

Saab endaði í höndunum á NEVS-hópnum og fyrsta Saab-bifreiðin sem framleidd var af honum rúllaði af framleiðslulínunni í september síðastliðnum. Ljóst er þó að framtíð Saab er enn í miklu uppnámi og reksturinn einungis skugginn af því sem hann var áður.



HMV (His Master's Voice)

Flestir Íslendingar sem heimsótt hafa Bretland undanfarna áratugi þekkja HMV-verslanakeðjuna. Á gullaldartímum smásölu á geisladiskum og DVD-diskum voru stórverslanir keðjunnar áberandi í öllum stórum borgum þar í landi og möluðu gull. Fyrsta HMV-búðin (HMV stendur fyrir His Master's Voice) var opnuð á Oxford-stræti árið 1921. Þegar keðjan opnaði nýja flagskipsverslun við sömu götu árið 1986 var sú stærsta plötuverslun veraldar.

Vegur HMV óx jafnt og þétt og árið 2002 var samsteypan sett á hlutabréfamarkað. Á þeim tíma voru verslanir HMV úti um allan heim. Skömmu síðar fór þó að halla undan fæti. Eftir erfiða sölu fyrir jólin 2005 reyndi fyrirtæki sem kallast Permida að kaupa HMV fyrir 762 milljónir punda. Tilboðinu var hafnað, þar sem það þótti alls ekki endurspeglar virði keðjunnar. Líklega

sjá þáverandi hluthafar mjög eftir þeirri ákvörðun.

Með upplýsingabyltingunni og tilkomu stafrænna tónlistar- og afþreyingarefnisveitna hefur rekstrarhæfni HMV dregist saman ár frá ári. HMV reyndi að halda í við tímana og í september 2008 kynnti keðjan til leiks samfélagsmiðlasíðuna Get Closer, sem átti að gera notendum kleift að hlaða upp sinni eigin tónlist. Hugmyndin var að fara í samkeppni við síður á borð við Napster og auðvitað iTunes Store. Get Closer gekk afleitlega, notendur höfnuðu lausninni og henni var lokað í september 2009. Í janúar 2013, eftir enn eina afleita jólavertíð, fór HMV Group í greiðslustöðvun. Fjárfestingarfélagið Hilco keypti leifarnar í júní síðastliðnum á um 50 milljónir punda. Í dag rekur HMV um 133 verslanir víðs vegar um Bretland. Alls óljóst er þó hvort viðskiptamódel keðjunnar á sér framtíð.



4 Blackberry

Blackberry var fyrir örfáum árum leiðandi í snjallsímabyltingunni. Allir sem tóku sig alvarlega sem stórnotendur slíkra tækja, eða þurftu að treysta á öryggi í gagnaflutningi og þjónustu, voru með Blackberry-tæki. Það var til að mynda varla til einstaklingur sem starfaði í viðskipta- og fjármálageiranum sem átti ekki slíkt. Árið 2009, fyrir einungis fjórum árum, var Blackberry með 50 prósent markaðshlutdeild í Bandaríkjunum þegar horft var á snjallsímamarkaðinn. Síðan þá hafa tímarnir heldur betur breyst.

Innkoma hins hipp og kúl iPhone og fjölmargra Android-símtækja, sérstaklega hinnar breiðu Galaxy-línu frá Samsung, hefur gjörsamlega gengið frá Blackberry á síðustu árum. Árið 2010 var markaðshlutdeild Blackberry komin niður í 14,3 prósent, árið eftir í 8,1 prósent og um síðustu áramót var hún komin niður í 3,5 prósent. Samhliða hafa hlutabréf í fyrirtækinu hrapað í verði. Síðastliðið sumar var tilkynnt að Blackberry væri til sölu og nú er talið að það verði annaðhvort tekið af markaði eða fari hreinlega í greiðslustöðvun á meðan viðskiptamódelið er tekið í gegn og skuldirnar lagaðar að rekstrarhæfni samsteypunnar. Ljóst er hið minnsta að Blackberry-tækið, sem allir þurftu að eiga fyrir örfáum árum, er í dauðateygjunum. Það sést best á því að síðasta vara félagsins, Z10-tækið, er til sölu hjá ýmsum smásölum á undir 20 dali. Þegar það var kynnt fyrr á þessu ári kostaði það 199 dali.





5

Blockbuster

Bandaríska myndbandaleigukeðjan Blockbuster var gímald á sínum markaði árum saman. Fyrsta leigan var opnuð í Texas árið 1985 og vöxturinn næstu tvo áratugin var ævintýrlegur. Upphaflega var um að ræða keðju hefðbundinna myndbandaleiga víðs vegar um heiminn en síðar bættist við DVD-póstþjónusta, streymiþjónusta og rekstur kvikmyndahúsa. Á aldamótaárinu 2000 skrifaði Blockbuster meira að segja undir tuttugu ára breiðbandssamning við hið alræmda fyrirtæki Enron, en samkvæmt honum átti að byggja upp VOD-þjónustu. Þetta skilaði litlu öðru en nokkrum stjórnendum Enron í fangelsi. Þessi skandall virtist þó ekki ætla að há Blockbuster. Þegar best lét, árið 2004, störfuðu þar 60.000 manns og samsteypan rak yfir níu þúsund verslanir.

Á undanförunum árum hefur molnað hratt undan rekstri Blockbuster. Samkeppni við efnisveitur á borð við Netflix og Redbox hefur leikið viðskiptamódel keðjunnar grátt og tekjur hennar drógust saman á ljóshraða. Hinn 23. september 2010, sex árum eftir að umsvif keðjunnar voru sem mest, sótti Blockbuster um greiðslustöðvun. Dish Network keypti hræið af fyrirtækinu og þær 1.700 verslanir sem enn voru starfandi úr þrotabúinu í apríl 2011.

Síðan hefur hvorki gengið né rekið og nokkur hundruð verslunum verið lokað á hverju ári. Í síðustu viku, tæpum níu árum eftir að veldi Blockbuster var sem mest, var tilkynnt að síðustu sjoppunum yrði lokað. Orrustan væri einfaldlega töpuð.



Kaupstaðarlykt og krakk í Toronto

KANADA
Guðmundur
Kristján Jónsson
skrifar frá Toronto



Deildu með
umheiminum

Pað gustar um Rob Ford, borgarstjóra Toronto, um þessar mundir. Lögreglan í þessari fjórðu stærstu borg Norður-Ameríku hefur eftir viðamikla rannsókn og aðgerðir undir höndum myndband þar sem Ford sést reykja krakk í vafasömum félagsskap nafngreindra glæpamanna. Annað myndband, þar sem hann hótar óþekktum einstaklingi hrottalegu lífláti, fer eins og eldur um sinu í netheiminum.

Þrátt fyrir að krakkreykingamyndbandið hafi ekki enn borist fyrir sjónir almennings hefur Ford viðurkennt verknadinn og sagt hann hafa átt sér stað í ölæði. Raunar hefur Ford ítrekað borið fyrir sig ölæði þegar ýmis umdeild mál honum tengd hafa komið upp, en ferill hans sem stjórnmalamaður hefur óneitanlega verið skrautlegur í gegnum tíðina.

Hlaut rúmlega 47 prósent atkvæða

Rob Ford hefur verið borgarfulltrúi úthverfisins Etobicoke síðan árið 2000 og gegnt embætti borgarstjóra síðan í október 2010 eftir að hafa hlotið rúmlega 47 prósent atkvæða. Sem borgarfulltrúi lagði hann einkum áherslu á að reisa verslunarmiðstöðvar og stórar matvöruverslanakeðjur vítt og breitt um kjördæmi sitt, sem og að draga úr hlunnindum opinberra starfsmanna og auka löggæslu. Sem borgarstjóri hefur hann lagt megináherslu á að starfa í þágu skattgreiðenda, einkum og sér í lagi bíleigenda. Meðal fyrstu verka hans var að afnema ýmis gjöld og reglugerðir sem forveri hans í starfi, David Miller, hafði komið á til að sporna við síaukinni bílaumferð í borginni. Ford hefur einnig sagt upp fjölda opinberra starfsmanna með ýmiss konar einkavæðingar- aðgerðum, einkum í tengslum við þrif og sorphirðu.

Allt frá árinu 2006, þegar Ford var vísað út af íshökkíleik vegna dólgláta, hafa hneykslismál af ýmsum toga fylgt Ford eins og skugginn. Í maí 2008 kærði eiginkona hans hann fyrir líkamsmeiðingar og hótanir og árið 2010 kom á daginn að hann hafði verið handtekinn fyrir ölvunarakstur og varðveislu fíkniefna í Florida árið 1999. Í öllum tilvikum neitaði Ford sök en neyddist síðan til að játa upp á sig sökina þegar sönnunargögn í formi lögregluskýrslna, ljósmynda og myndskreiða litu dagsins ljós. Hann hefur reyndar alla tíð neitað ásökunum eiginkonu sinnar um heimilisofbeldi en málið var að endingu látið niður falla og þau eru enn gift.



Smelltu til að horfa á myndband af Rob Ford að reykja krakk

Rob Ford í tíma

► Nóvember 2000

- Fyrst kjörinn borgarfulltrúi.

► Nóvember 2003

- Endurkjörinn borgarfulltrúi, lofar fleiri verslunarmiðstöðvum og matvöruverslanakeðjum í kjördæmi sitt.

► Apríl 2006

- Sturlast á hokkíleik og er vísað úr húsi vegna dólgláta. Neitar sök en atvikið náðist á myndband og Ford ber fyrir sig ölvun og biðst afsökunar.

► Maí 2008

- Eiginkona hann fyrir l og hótanir að endingu

Muldi undir lið sem hann þjálfaði

Árið 2012 var Ford dæmdur til að segja af sér sem borgarstjóri eftir að hafa brotið siðareglur Toronto-borgar, sem hann viðurkenndi fyrir dómi að hafa aldrei kynnt sér. Málið tengdist ýmsum ívilnunum til handa menntaskólaruðningsliðinu Don Bosco Eagles sem Ford þjálfaði. Liðið hafði fengið ýmsa styrki frá borginni auk þess sem Ford nýtti sér starfsmenn borgarinnar, strætisvagna og bréfsefni í þágu liðsins. Eftir margra mánaða réttarhöld úrskurðaði áfrýjunardómstóll að Ford þyrfti ekki að segja af sér þrátt fyrir ítrekuð brot á siðareglum borgarinnar. Ford lét hins vegar loks af störfum sem þjálfari liðsins í maí síðastliðnum eftir að hafa ítrekað sleppt borgarráðsfundum og vanrækt skyldur sínar sem borgarstjóri til að sinna þjálfun liðsins og mæta á kappleiki. Ofan á allt saman kom í ljós í febrúar á þessu ári að Ford þverbraut ýmsar fjármálareglur í aðdraganda síðustu kosninga og eyddi umfram leyfilegt hámark í auglýsingar, auk þess sem of stór hluti þeirra fjármuna sem hann aflaði í kosningabaráttunni kom frá stórfyriertæki fjölskyldunnar, Deco Labels and Tags, sem sérhæfir sig í prentlausnum og veltir milljörðum á ári.



Í kastljósinu

Borgarstjórinn sérkennilegi Rob Ford hefur verið umsetinn fjölmiðlafólki að undanförunu.

Játaði að hafa reykt krakk

Hér er einungis stiklað á stóru en stormasamur ferill Fords er nú í hámmæli vegna játninga hans á neyslu eiturlyfja í síðustu viku eftir margra mánaða afneitun. Borgarstjórinn, sem ítrekað hefur lýst yfir stríði gegnum glæpum og eiturlyfjum, hefur verið undir stöðugu eftirliti lögreglu á láði og úr lofti vegna meints eiturlyfjamisferlis og hefur lögreglan undir höndum mikið magn myndefnis þar sem hann sést í félags-



Smelltu til að horfa á myndband af Rob Ford viðurkenna fyrir fjölmiðlum að hann hafi reykt krakk



Smelltu til að horfa á myndband af mjög ölvuðum Rob Ford þar sem hann talar um að drepa einhvern ótilgreindan einstakling

skap eiturlyfjasala og dæmdra glæpamanna. Enn er óljóst hvað lögreglan hyggst fyrir en það er talið mögulegt að Ford verði birtar ákæru fyrir eiturlyfjamisferli í náinni framtíð. Hann stendur hins vegar keikur og neitar að segja af sér, enda mælist hann enn með um 40 prósentu fylgi og er talinn líklegur til að ná endurkjöri í komandi kosningum árið 2014.

Sækir fylgi í úthverfin

En hvernig má það vera að jafn breyskur maður og Ford haldi velli sem borgarstjóri stærstu borgar fyrirmyndarlandsins Kanada þegar hneykslismálin honum tengd gætu fyllt heila bók? Skýringuna má finna í pólitísku landslagi Toronto eftir að nágrennasveitarfélög voru sameinuð í eitt kjördæmi árið 1998. Úthverfin sem þá runnu saman í eitt við hinn eiginlega Toronto-kjarna mynduðu skyndilega tvo þriðju atkvæða borgarinnar, og þangað sækir Ford nær allt sitt fylgi.

Andstæðingar Fords búa flestir miðsvæðis og eru vel menntaðir og efnaðir. Þeir nýta sér almenningsamgöngur og hjólréiðar og búa í dýru húsnæði. Stuðningsmenn Fords, eða Ford-þjóðin eins og þeir eru jafnan kallaðir, eru hins vegar að stórum hluta fyrstu kynslóðar innflytjendur og verkafólk af erlendum uppruna. Flestir eiga þeir það sameiginlegt að vera bíleigendur og búa í úthverfum. Hluti þeirra er efnaður en flestir hafa takmarkaða menntun. Álögur vegna húsnæðis og bíla skipta Ford-þjóðina öllu máli og í þeim efnum hefur borgarstjórinn engan svikið, enda hafa bifreiða- og húsnæðisgjöld lækkað umtalsvert í borgarstjóratíð Fords.

Pólitíska landslagið í Toronto er uggvænlegt og einkennist af mikilli stéttaskiptingu á meðal kjósenda. Virðingarleysið og togstreitan á milli íbúa mismunandi borgarhluta er nær algjört, og á meðan glæpatíðni eykst í úthverfunum fjölgar lífrænum kaffihúsum í miðbænum þar sem fyrirmyndarborgararnir koma saman og ræða um hinn alræmda borgarstjóra. Ford-þjóðin sakar menntafólkið í miðbænum um elítisma og hroka og skyldi engan undra.

Á meðan húsnæðisverð í miðbænum hækkar jafnt og þétt hrökklast hinir efnaminni út í úthverfin þar sem fátækt og glæpatíðni eykst með ári hverju. Toronto hefur verið skipt í tvo menningarheima; úthverfin og miðborgina – sem auglýst er í glanstímaritum og dregur að ferðamenn. Í fljótu bragði mætti draga þá ályktun að Ford-þjóðin sé svo gegnumskýrd af neysluhyggju og veraldlegum gæðum að hún skilji á milli persónunnar og stjórnámamannsins. Á meðan stjórnámalmaðurinn haldi sköttum í lágmarki skipti engu hvort hann reyki krakk og berji konuna sína. Svo er hins vegar ekki, því fylgjendur Fords eru að stórum hluta minnihlutahópar með takmarkaðar tekjur. Þeir kjósa Ford vegna þess að þeir telja sig ekki eiga samleið með þeim þriðjungi íbúa Toronto sem býr miðsvæðis og vill setja umhverfis- og samgöngumál á oddinn í skipulagi borgarinnar. Ford-þjóðinni er alveg sama um orðspor Toronto því hún upplifir Toronto vera alveg sama um sig.

Stéttaskipting og samskiptaleysi

Vandamálið í Toronto er mun stærra og alvarlegra en einn krakkreykjandi borgarstjóri og einnig mun flóknara en svo að sameining eða sundrung sveitarfélaga fái það leyst. Vandí Toronto felst í stéttaskiptingu og samskiptaleysi sem skipt hefur milljónasamfélagi í tvær andstæðar fylkingar, litaðar af kynþáttafordómum og virðingarleysi hvor í garð annarrar. Á meðan beinist kastljós fjölmiðla nær eingöngu að sorglegri hegðun borgarstjórans sem hefur enga stjórn á sjálfum sér, hvað þá Toronto-borg.


HILDUR SVERRIS

FYRSTA SÆTI



allt að vinna
í Reykjavík

SMELLTU
HÉR TIL AÐ
LEIKA
PÓLITÍSKU
LEIKINA



www.hildursverris.is



Gerðu vinsælasta app í heimi

KJARNAOFNINN

Birgir Þór Harðarson
birgir@kjarninn.is



Deildu með umheiminum



Þegar gengið er inn á skrifstofur Plain Vanilla við Laugaveg í Reykjavík er augljóst að þar gengur vel. Eftir að hafa þræmað dúkklagðan stiga-gang taka við marmaratröppur upp á efstu hæð hússins og þegar komið er á efsta stigapallinn blasir veggbreið ljósmynd við. Við enda myndarinnar er síðan hurð sem er vel merkt fyrirtækinu sem ég heimsæki. Þar ætla ég að ræða við Ými Örn Finnbogason fjármálastjóra um ævintýri síðustu mánaða.

Plain Vanilla gaf í síðustu viku út eitt vinsælasta app í heimi fyrir iPhone og iPad. Spurningaleikurinn QuizUp hefur orðið vinsæll á svo skömmum tíma að aðeins fimm dögum eftir að hann varð fyrst aðgengilegur sáu yfirmenn fyrirtækisins sér ekki annað fært en að auglýsa eftir sjö starfsmönnum í hin ýmsu störf.

Í móttökunni er mér boðið góðan daginn og eftir að ég hef kynnt mig býður Hildur Kristín Stefánsdóttir mér kaffi og vill sýna mér vinnuástöðuna. Klukkan er langt gengin í tíu á þriðjudagsmorgni en svo virðist sem aðeins sjö af þeim sautján sem vinna hjá Plain Vanilla í Reykjavík séu mættir. Næturvaktinni yfir vefþjónunum lauk víst ekki fyrr en undir sólarupprás svo að starfsmennirnir eru farnir heim að leggja sig áður en næsta nótt er undirbúin.

Í stærsta rýminu er langborð með fjölmörgum vinnu-stöðvum sem hafa það allar sameiginlegt að skarta Apple-breiddskjáum og tölvum í stíl. Þennan morguninn sitja aðeins tveir við langborðið og hafa það verkefni að vakta vefþjóna fyrirtækisins. Í herbergi fyrir innan sitja þrír starfsmenn sem sjá um efnislega þátt appsins.

Mér verður starsýnt á tvo tölvuskjái sem sem sýna allskonar línurit sem virðast vera uppfærð í rauntíma. Myndirnar eru kannski 20 og hafa það allar sameiginlegt að sýna einhvers konar jákvæða þróun. Í þann mund sem Hildur Kristín ætlar að sýna mér sjónvarpsholið þar sem starfsmenn fyrirtækisins koma reglulega saman til að horfa á Game of Thrones á Svanhildur Gréta Kristjánsdóttir leið hjá og tilkynnir okkur um leið að fjöldi notenda sé nú kominn yfir 500 þúsund einstaklinga. Svanhildur Gréta starfar í teyminu sem sér um efnisþætti QuizUp en er, eins og allir sem þarna vinna, hissa á þessum ótrúlegu viðtökum á vörunni.



Ætluðu að fara rólega af stað

Velgengnin er að mörgu leyti til komin vegna þess að varan er góð, segir Ýmir Örn. Þeir Þorsteinn Baldur Friðriksson forstjóri hafa undanfarið verið að kynna leikinn fyrir fjárfestum og fjölmiðlum í Bandaríkjunum, þar sem helsti markaður fyrirtækisins er. Við Ýmir settumst niður í fundarherberginu og ræddum sprotafyrirtækið sem þeir reka, velgengnina og næstu skref.

„Við ætluðum bara að setja þetta rólega af stað, sjá hvort vefþjónarnir myndu ekki höndla þetta og jafnt og þétt auka við markaðsbudduna,“ segir Ýmir. „Við hittum fulltrúa Apple fyrir mánuði og sýndum þeim vöruna. Við vissum að þeir höfðu strax áhuga. Á vefþjónunum sjáum við hvenær nýir spilarar koma inn og Apple hafði aðgang að beta-útgáfunni okkar og við sáum þegar þeir byrjuðu að spila.“

Apple hefur hins vegar þann háttinn á að láta ekki mikið uppi um fyrirætlanir sínar þegar það gefur út nýjar tölvur eða fær ný öpp á markaðinn hjá sér. „Við vissum að þeir voru að íhuga að gefa okkur einhvers konar athygli en vissum það ekkert fyrir víst fyrr en varan kom út í App Store,“ segir Ýmir. Þá var appið sett á lista yfir bestu nýju leikina á markaðnum. Ýmir segir þetta hafa gefið appinu góða spyrnu og hafa sparað Plain Vanilla gríðarlegt fjármagn í markaðsherferð.

Hægt er að hlusta á viðtalið við Ými Örn í Kjarnaofninum sem er aðgengilegur 14. nóvember 2013 á www.kjarninn.is/kjarnaofninn.

[Smelltu hér til að hlusta á þáttinn.](#)

Samkvæmt leynilegri skýrslu sem unnin var af fyrrverandi starfsmanni Fjármálaeftirlitsins í Lúxemborg fyrir hagsmunaaðila sem tengjast kröfuhöfum gamla Kaupþings átti þáverandi ráðherra ríkisfjármála (e. Minister of Treasury) Lúxemborgar, [Luc Frieden](#), fundi með fjárfestingaráði Líbíustjórnar, LIA (Libyan Investment Authority) þar sem meðal annars var rætt um möguleikann á því að kaupa starfsemi Kaupþings í Lúxemborg. Viðræðurnar mátti rekja til samskipta á efstu stigum í stjórnslu Lúxemborgar og Belgíu í lok árs 2008 og hjá stórum kröfuhöfum Kaupþings í Lúxemborg, þar á meðal Fortis-bankans. Þá voru bandarísk stjórnvöld innvikluð í viðræðurnar og hvöttu þau til þess að fjárfestingarsjóður frá Líbíu fengi að fjárfesta í Kaupþingi í Lúxemborg.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Kjarninn hefur undir höndum og birt er í heild sinni í dag, þar sem ítarlega er fjallað um leynilegar viðræður við fulltrúa Líbíustjórnar, á viðsjárverðum tímum skömmu fyrir og eftir hrun íslenska fjármálakerfisins og fall á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, í lok árs 2008. Mikil ólga var að byggjast upp í Líbíu á þessum tíma og andstaða almennings við stjórn Múammars Gaddafí fór vaxandi. Hann var sem kunnugt er drepinn 20. október 2011 eftir borgarastyrjöld, þá einangraður í gamla heimabæ sínum Sirte, eftir að stjórn hans var fallin. Stjórnvöld í Lúxemborg og Belgíu vildu styrkja fjárhag fjármálakerfa sinna og sóttust eftir fjárfestingum frá Líbíu. Fullyrt er í skýrslunni að Frieden hafi lagt sig fram um að ná til fjárfesta í ríkjum þar sem sjaríalög eru við lýði, þar á meðal í ýmsum arabaríkjum.

Viðsjárverðir tímar

Prengingarnar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum allt árið 2008 og fram að hröðu falli á mörkuðum eftir fall fjárfestingarbankans Lehman Brothers hinn 15. september leiddu til þess að stjórnvöld ríkja voru með alla anga úti til að útvega fjármagn til þess að verja fjármálakerfi sín. Í Lúxemborg, þar sem allir föllnu íslensku bankarnir, Glitnir, Kaupþing og Landsbankinn, höfðu verið með umfangsmikla starfsemi var mikið í

„Nokkru síðar,
18. febrúar 2009,
fundaði Frieden
aftur með full-
trúum Líbíu en
sá fundur fór
fram í Vín. Að því
er fram kemur
í skýrslunni
fundaði Frieden
með Ibrahim
Zlitni, forstjóra
LAFICO.“

húfi, enda ríkið þekkt fyrir að byggja efnahag sinn á alþjóðlegri fjármálastarfsemi þar sem mikil og rík bankaleynd er eitt það atriði sem laðar fjárfesta til landsins. Það sama átti við um Belgíu, þar sem bankakerfið hafði stækkað hratt á skömmum tíma, ekki síst Fortis-bankinn, sem er með kjarna-
starfsemi sína í Belgíu og Hollandi.

Kaupþing til umræðu

Í fyrrnefndri skýrslu kemur fram að Luc Frieden hafi sjálfur átt fundi með LIA, meðal annars snemma í desember 2008. Fundurinn fór fram í Brussel. Nokkru síðar, 18. febrúar 2009, fundaði Frieden aftur með fulltrúum Líbíu en sá fundur fór fram í Vín. Að því er fram kemur í skýrslunni fundaði Frieden með Ibrahim Zlitni, forstjóra LAFICO, alþjóðlegs fjárfestingarfélags Líbíu sem var einn af sjóðunum sem heyrðu á þessum tíma undir LIA. Meginuppspretta peningaauds félaga sem tengdust stjórnvöldum í Líbíu á þessum tíma var olíu-
auðlindir landsins.

Í skýrslunni er tekið fram að fyrri fundurinn hafi staðið yfir í 20 mínútur en sá síðari í eina og hálf klukkustund. Almennt var rætt um möguleikann á því að peningar frá Líbíu skiluðu sér til Lúxemborgar til þess að styrkja grunn fjármálakerfisins. Í skýrslunni, sem var unnin á árunum 2009 og 2010, kemur fram að sá möguleiki að fá LIA til þess að kaupa starfsemi Kaupþings í Lúxemborg hafi komið til umræðu á fundi með LAFICO og þá að frumkvæði Líbíumanna.

Fjárfest í Fortis

Að því er fram kemur í skýrslunni átti áhugi Líbíumanna á því að fjárfesta í Kaupþingi rætur að rekja til viðskipta nokkrum mánuðum fyrr. Þá keypti LAFICO hlut í Fortis-bankanum með 21 prósentu afslætti miðað við opinbert markaðsverð. Þau viðskipti voru tilkomin eftir samtöl Lafico við háttsetta embætismenn og ráðherra í Belgíu, þar á meðal þáverandi fjármálaráðherrann, Didier Reynders. Í skýrslunni er hann sagður hafa sannfært Líbíumennina um að selja ekki hluti í Fortis-bankanum fyrir slíkk þegar halla tók undan fæti.

ROWLAND-FJÖLSKYLDAN HELSTI EIGANDI KAUPÞINGS Í LÚXEMBOURG

Rowland-fjölskyldan breska, sem um árabíl hefur verið stórtæk í viðskiptum í Bretlandi og víðar, er nú stærsti eigandi Banque Havilland, sem áður var Kaupþing í Lúxemborg. Fjármálafyrirtæki sem er að mestu í eigu Rowland-fjölskyldunnar, Blackfish Capital Management, keypti bankann eftir að hann hafði verið í söluferli í nokkurn tíma og hugsanleg kaup Líbúumanna gegnum

LIA voru runnin út í sandinn. Þræðir Rowland-fjölskyldunnar liggja víða í viðskiptum, samkvæmt frásögnum fjölmíðla í Bretlandi. Um árabíl hefur fjölskyldan stutt við breska Íhaldsflokkinn fjárhagslega og átt í viðskiptasambandi við fjárfesta frá Mið-Austurlöndum. Þá er Rowland-fjölskyldan er fjórði stærsti hluthafi MP banka, með 9,54 prósentu hlut.

Kröfðust ríkisábyrgðar

Líbúumenn settu fram kröfur um ríkisábyrgð frá stjórnvöldum í Lúxemborg fyrir skuldbindingum, ef þeir ættu að kaupa starfsemi Kaupþings í Lúxemborg. Frieden tók þátt í þessum viðræðum og upplýsti þingið í Lúxemborg um gang viðræðna þegar umræðu um samtal milli Líbúumanna og stjórnvalda í Lúxemborg bar á góma, í lok árs 2008 og í byrjun árs 2009. Hann sagði þá að stjórnvöld hefðu ekki beinna hagsmuna að gæta þegar kæmi að Kaupþingi en ef þau gætu eitthvað gert til þess að liðka fyrir því að starfsemi Kaupþings í Lúxemborg lifði áfram yrði það gert. Þar á meðal var að fá fjármagn að utan inn í bankann sem gæti tryggt framtíð starfseminnar, ef samkomulag við kröfuhafa næðist.

Harkaleg samskipti

Samkvæmt skýrslunni fór svo að lokum að einkum tveir þættir leiddu til þess að Líbúumenn í gegnum LIA fjárfestu ekki í Kaupþingi í Lúxemborg. Í fyrsta lagi höfðu samskipti á stjórnarsýslustigi milli Lúxemborgar og Belgíu ekki gengið nægilega vel, þar sem deilt var um aðkomu stjórnvalda hjá hvoru landi fyrir sig. Bæði höfðu hagsmuna að gæta þar sem margir Belgar, einstaklingar og fyrirtæki, áttu innstæður hjá bankanum. Belgísk stjórnvöld voru ekki tilbúin að leggja fram ábyrgðir fyrir meira en 80 til 100 milljónir evra (allt að 16,5 milljarðar miðað við núverandi gengi) á meðan svigrúmið var meira hjá Lúxemborg. Tekið er fram í skýrslunni að viðræðurnar um þessi máli hafi verið „mjög erfiðar“ og

„harkalegar“ á köflum (extremely difficult and hostile at stages).


Í öðru lagi höfðu stjórnvöld í Lúxemborg ekki stuðning frá ríkisbankanum BCEE til þess að liðka fyrir viðskiptunum, en aðkoma bankans var nauðsynleg til þess að kaup LIA á starfsemi Kaupþings hefðu getað orðið að veruleika. Þegar þrengja tók að fjármálamörkuðum var töluvert flæði fjármagns frá öðrum bönkum í Lúxemborg, meðal annars Fortis-bankanum, til BCEE. Í skýrslunni er sagt að þetta hafi meðal annars leitt til erfiðleika í viðræðum í kröfuhafahópnum. Þessi afstaða BCEE var meðal annars byggð á einarðri afstöðu Guy Seyler, þáverandi yfirmanni áhættustýringar BCEE, gegn því að veita einhverjar ábyrgðir sem gætu leitt til þess að Líbíumenn í gegnum LIA eignuðust starfsemi Kaupþings í Lúxemborg.

k

Smelltu til að lesa skýrslu um Líbíutengsl við Kaupþing í Lúxemborg

Bandaríkin innvikluð

Í skýrslunni er fullyrt að Luc Frieden hefði verið hvattur til þess af yfirvöldum í Bandaríkjunum að skoða möguleikann á því að fá LIA til þess að kaupa starfsemi Kaupþings í Lúxemborg. Frieden er sagður hafa verið „mjög náinn“ bandarískum yfirvöldum og meðal annars verið í góðu sambandi við sendiherra Bandaríkjanna í Lúxemborg á þessum tíma, [Ann Wagner](#). Í skýrslunni segir enn fremur að bandarísk yfirvöld hafi reynt að þrýsta á um að opnað yrði fyrir fjárfestingar frá Líbíu í Lúxemborg með hagsmunagæslu og samtölum en bankageirinn í Lúxemborg hafi ekki verið móttækilegur fyrir þessari viðleitni.



LEGGUR SPILIN Á BORDIÐ!



Í þessari áhugaverðu og opinskáu bók hlífir Steingrímur J. Sigfússon hvorki sjálfum sér né öðrum. Ísland reist úr rústum hrunsins. Dramatísk átök á bak við tjöldin. Einstök innsýn í heim íslenskra stjórn mála. Gerir upp hitamál síðustu ára. Þungbærar deilir við samherja. Björn Þór Sigbjörnsson blaðamaður skráir.



Opnum dyr og sækjum fram

Ísland er einangrað í fjármagnshöftum fimm árum eftir að fjármálakerfið hrundi. Alþjóðapólitísk staða landsins er flókin. Hvert skal stefnt? Kristján Guy Burgess rýnir í stöðuna í greinaflokki Kjarnans.



Deildu með
umheiminum



STJÓRNMÁL

Kristján Guy Burgess
fyrirverandi
aðstoðarmaður
utanríkisráðherra

Það skiptir máli að þjóðir berjist af sjálfstrausti fyrir hagsmuna- og áherslumálum sínum á alþjóðavettvangi. Hvorki dramb né minnimáttar-kennnd duga til að hafa áhrif, hvort sem um er að ræða að yrkja markaði fyrir útflutningsvörur eða að vinna að réttlætismálum. Ávallt þarf að finna réttu blönduna af raunsæi og hugsjónaeldi til að vinna málum framgang. Metnaðarleysi í utanríkismálum kemur niður á hagsmunum Íslands. Þetta höfum við Íslendingar vitað allt frá dögum Hávamála: Vits er þörf þeim er víða ratar. Dælt er heima hvað.

Á síðustu fimm árum hefur einbeitri strategíu verið fylgt, eins og rakið er í þessum greinaflokki. Að styrkja stöðu Íslands með því að setja norðurslóðir á dagskrá, breikka öryggis-samstarf við bandamenn og stíga ný skref í tengslum við mikilvægustu markaði okkar. Þar koma einnig til mikilvægustu innanlandsmálin eins og hvernig leysa eigi gjaldmiðilsvanda Íslands, hvernig komast eigi úr höftum og hvers konar efnahags-umhverfi eigi að bjóða íslenskum heimilum og fyrirtækjum.

Skýr málflytningur í hagsmuna- og áherslumálum hefur líka verið ríkur þáttur í utanríkisstefnunni síðustu árin og öll tækifæri verið nýtt til að vinna þeim framgang. Þetta hefur verið gert á sama tíma og nauðsynlegt var að skera mikið niður í utanríkisþjónustunni. Þarna hefur hið hæfileikaríka starfsfólk utanríkisþjónustunnar unnið af mikilli elju og lagt nótt við dag við að vinna að íslenskum hagsmunum. Starf sem á köflum er vanþakklátt en skilar sér með margföldum ávinningi heim til Íslands.

Ný ríkisstjórn getur látið reka á reiðanum í utanríkis-málunum og vonað það besta. Hún getur líka veðjað öllu á einn kost og vanrækt hina en eins og í öðru er skynsemi fólgin í því að treysta á örugga ávöxtun. Að leggja allt traust sitt á að bíða eftir næsta lottóvinningi er ekki skynsamlegt. Þetta á líka við í alþjóðasamskiptunum. Það þarf stöðugt að leggja inn á diplómátskan innstæðureikning en það þarf einnig að tala skýrt fyrir íslenskum hagsmunum. Þar er sjálfstraustið nauðsyn.

ÞRIÐJI HLUTI AF PREMUR

Kristján Guy Burgess,
fyrirverandi aðstoðarmaður
utanríkisráðherra, fjallar
um Ísland í litrófi alþjóða-
stjórn mála í þremur hlutum í
Kjarnanum.

Lestu fyrstu hluta
umfjöllunarinnar:

1. Afsakið hlé
2. Að kunna á landakort
og áttavita



Í fyrstu grein þessa flokks var fjallað um nauðsyn þess að hafa rétta strategíu í samskiptunum við Evrópu, þar sem eru mikilvægustu útflutningsmarkaðir Íslands og nánustu pólitísku samstarfsríki. Í annarri grein tók ég fyrir öryggi landsins og mikilvægi þess að starfa stöðugt að því. Hér mun ég greina nokkur helstu tækifærin fram undan í utanríkis-málunum.

Norðurslóðir nýtt forgangsmál

Við lok Kalda stríðsins fækkaði tækifærum Íslands til að notfæra sér landafræðina, þar til nú þegar norðurslóðamál eru komin í hringiðu alþjóðlegrar umræðu.

Á norðurslóðum er Ísland áhrifamikið ríki, eitt af átta sem fjalla um helstu mál svæðisins og hafa boðið helstu efnahagsveldum heimsins að borðinu. Þar situr Ísland með Bandaríkjunum og Rússlandi, Kanada og Norðurlandaráríkjunum. Það er mikið kappsmál að halda umræðunni þar og berjast gegn því að ríkin fimm sem eiga að eigin mati landamæri að norðurljóðum loki brýn viðfangsefni af í sínum hópi. Slíkt hefur á köflum kostað mikla vinnu.

Íslenskir ráðamenn, aðrir en forseti Íslands, höfðu ekki áður séð tækifærin í hinu nýja norðri, en hann hefur um langt árabíl ræktað samband á hæstu stigum austan hafs og vestan til að styrkja stöðu Íslands á norðurslóðum. Þegar Össur Skarphéðinsson varð utanríkisráðherra sá hann færi til aukinna áhrifa og til að skapa ný tækifæri til framtíðar, og setti mikinn kraft í norðurslóðamálin. Ráðherrann skrifaði sjálfur upp áherslumál Íslands í tólf liðum og skilgreindi norðurslóðir sem nýtt forgangsmál í íslenskri utanríkisstefnu.

Norðurslóðastefnan var samþykkt einróma á Alþingi og hefur verið unnið markvisst eftir henni síðan og ný ríkisstjórn tekið upp á næsta stig með sérstakri ráðherranefnd. Hér liggja mörg tækifæri. Til að þau nýtist Íslendingum sem best þarf nokkurt kapp en eins og í öðru er það best með forsjá.





Á norðurlóðum

Málefni norðurlóða hafa orðið að miklu þungavigtarmáli á alþjóðavettvangi á undanförunum árum. Ísland hefur þar mikilla hagsmuna að gæta.

Ekki hægt að þegja um loftslagsmálin

Ástæða þess að norðurlóðamálin eru komin svo í alþjóðlegt kastljós er loftslagsbreytingar sem eru hraðari á norðurlóðum en annars staðar. Bráðnun jökla og breytingar á loftslagi á norðurlóðum hafa áhrif á daglegt líf fólks í fjarlægum löndum þar sem flestir jarðarbúar eiga heima; Kína, Indlandi og öðrum Asíuríkjum,, svo ekki sé talað um áhrifin sem geta orðið geigvænleg með veðurfarsbreytingum um allan heim og geta leitt til fellibylja, hungursneyða og átaka. Loftslagsmálin eru risastórt pólitískt viðfangsefni þar sem íslensk stjórnvöld verða að hafa skýra afstöðu, út frá sínum eigin hagsmunum, og vegna áhrifanna um allan heim. Enn hefur ný ríkisstjórn á Íslandi ekki komið fram með áherslur sínar í loftslagsmálunum eða látið í sér heyra um þau á alþjóðavettvangi þótt ærin séu tilefni.

Áhrif loftslagsbreytinganna hafa þegar skapað aðgengi að auðlindum sem áður voru utan seilingar, og umsvif vegna



„Íslendingar eru gjarnir á að líta á tækifærin sem í þessu liggja, mögulega vinnanlega olíu á Dreka-
svæðinu eða fyrir umskipun vegna breyttra siglingaleiða.“

siglinga geta orðið mjög mikil á næstu áratugum. Margar þjóðir sjá tækifærin í auknum umsvifum, olíu- og gasvinnslu og mögulega styttingu á siglingaleiðum við stærstu markaði sína á næstu áratugum. Þetta mun hafa áhrif á hið alþjóða-
pólítíska landslag þegar líður á öldina og rétt er að vera við öllu búin.

Íslendingar eru gjarnir á að líta á tækifærin sem í þessu liggja, mögulega vinnanlega olíu á Drekasvæðinu eða fyrir umskipun vegna breyttra siglingaleiða. Hvort tveggja getur haft mikil áhrif hér á landi en hættur eru einnig miklar. Ef spár helstu bjartsýnismanna um aukin umsvif rætast geta pólítísk átök á Íslandi farið að snúast um olíuhreinsistöðvar og nýjar stórskipahafnir í náttúru Íslands.

Fyrir Íslendinga geta mengunarslys valdið óbætanlegum skaða á okkar dýrmætustu auðlindum. Umhverfismálin eru því órjúfanlegur hluti af öllum umræðum á norðurslóðum og má ekki vanrækja. Það er þar af leiðandi stór þáttur í því hvers vegna Ísland verður að sitja við borðið þar sem allar ákvarðanir eru teknar um norðurslóðir.

Norræn og vestnorræn fjölskyldubönd styrkt

Eitt aðalatriðið í nýju norðurslóðastefnunni er að treysta sambandið við okkar næstu granna á Grænlandi og Færeyjum. Milli Íslands, Grænlands og Færeyja liggja gagnvegir sem hafa verið styrktir m.a. með fjölmörgum heimsóknum og ráðherrapátttöku hjá vestnorræna ráðinu. Mikil tækifæri eru í viðskiptasamvinnu við Grænland en þar er einnig nauðsynlegt að gæta varúðar við verkefni sem geta haft mikil áhrif á gang náttúrunnar. Íslendingar hafa tekið frumkvæði og ákveðið að styrkja bein tengsl við Grænland, sem sést í þeirri ákvörðun frá því í byrjun ársins að setja á fót fyrstu ræðisskrifstofuna á Grænlandi með útsendum sendiherra frá Íslandi. Sá er fyrsti sendiherrann á Grænlandi.

Fyrir Ísland er rakið að þróa samstarf á Norður-Atlantshafinu áfram til að efla til muna samvinnu við keltneskar frænkur og frændur á Skotlandi og Írlandi sem getur falið í sér fjöldamörg tækifæri enda margt líkt með skyldum.





Jóhanna

Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, fór fyrir ríkisstjórninni sem samþykkti að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Náið og virkt samband við næstu granna er í raun forsenda fyrir því að þjóðir geti átt samstarf um lengri veg. Hægt er að líta á að Ísland sé í miðjunni og utan um það séu nokkrir hringir. Í innsta hring eru norrænu og vestnorrænu grannþjóðirnar. Í næsta hring er Evrópa. Þar fyrir utan eru Bandaríkin, Kanada og Rússland, samstarfsríki á norður-slóðum, og síðan hringur þar sem eru rísandi efnahagsveldi í fjarlægari heimshlutum. Að standa traustum fótum í hverjum kjarna styrkir stöðuna í næsta hring. Ríki sem hagar ávallt seglum eftir vindi og hugsar til skamms tíma í senn er ólíklegra til að ná settu marki en þau sem hafa skýra áætlun um styrkari stöðu fyrir hagsmuni sína.

Asiúgáttin: Ný tækifæri í rísandi efnahagsveldum

Þegar hrunið blasti við leituðu íslensk stjórnvöld um allan heim að fjárhagslegri fyrirgreiðslu. Þegar kom að umræðum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum kom í ljós að Ísland átti þar bandamenn í fjarlægum ríkjum. Japan, Kína og Indland



studdu við efnahagsáætlun Íslands. Kínverjar og Íslendingar gerðu sérstakan gjaldmiðilsskiptasamning sem var tákn um að þeir hefðu trú á endurreisn Íslands. Þetta færir heim sanninn um að rækta þurfi pólitísk samskipti við rísandi stórveldi í fjarlægum heimshlutum. Þar eru líka nýir markaðir fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki sem tíma getur tekið að yrkja. Þetta kostar vinnu, tíma og peninga.

Samskiptin við Kína hafa aldrei verið meiri en á síðustu fimm árum, frá því að þjóðirnar tóku upp stjórn mála-samband fyrir 40 árum. Fjöldmargir samningar hafa verið gerðir um margvísleg mál en þeirra mikilvægastur er fríverslunarsamningurinn sem kláraður var í vor og undirritaður í Peking. Forsætisráðherrar þjóðanna skiptust á heimsóknum og forseti Íslands hefur oft sótt Kína heim á síðustu árum. Kína er nú næstöflugasta efnahagsríki í heiminum og mun halda áfram að vaxa á þessari öld. Mikilvægt er fyrir Ísland að rækta vel hagsmuni sína í samskiptum við margfalt fjölmennari þjóð, en saga samskiptanna hefur sýnt að samvinnan getur komið báðum til góða.

Fríverslunarsamningurinn færir íslenskum fyrirtækjum forskot inn á Kínamarkað og tollar verða felldir niður á helstu útflutningsvörur Íslands til Kína. Út frá öllum helstu hagsmunum Íslands var mikilvægt að nýta tækifærið sem opnaðist til að ljúka gerð samningsins. Til stendur að verja ávinninginn af samningnum fyrir sérstakar íslenskar útflutningsvörur komi til aðildar að Evrópusambandinu áður en Kínverjar og ESB semja um sín mál, enda eiga ríki ekki að tapa viðskiptalegri stöðu við það að ganga í ESB, en fram að því munu íslensk fyrirtæki geta nýtt sér stöðuna sem samningurinn veitir og náð fótfestu í fjölmennasta ríki heims.

Fjöldmörg tækifæri eru fyrir íslensk fyrirtæki í útflutningi á sjávarafurðum og jarðhitapekkingu í Asíu. Eins er rétt að móta nýtt athafnasvæði fyrir íslenska sérfræðinga og sprotafyrirtæki þar, eins og dæmin sanna um aukin umsvif sprotafyrirtækja á Indlandi og víðar í Asíu. Sömu lögmál gilda um aðra fjarlægá markaði.



„Markviss málflutningur um helstu áherslu- og hagsmunamál skiptir miklu þegar þjóðir finna sér stað í samfélagi þjóðanna. Með því vinna þjóðir sér bandamenn og skapa sér stöðu.“

Rússland er enn einn markaðurinn sem er vaxandi fyrir íslenska útflutningshagsmuni. Í opinberum tölum stappar nærri að Rússlandsmarkaður sé að taka fram úr Bandaríkjunum sem næststærsti útflutningsmarkaður fyrir íslenskar vörur. Unnið er að fríverslunarsamningi milli EFTA og tollabandalags Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstans en þar þarf nokkuð margt að breytast við samningaborðið til að hægt sé að sjá til lands. Þá veldur framganga Rússa í málefnum samkynhneigðra, gagnvart umhverfissamtökum og harkan gagnvart meðlimum Pussy Riot áhyggjum. Ekki er að fullu ljóst hvernig nýr utanríkisráðherra hefur haldið á málum gagnvart Rússum í þessum mikilvægu mannréttindamálum eða hvernig hann hyggst halda þeim á lofti á næstu vikum og mánuðum.

Sjávarútvegur grundvallarmál

Markviss málflutningur um helstu áherslu- og hagsmunamál skiptir miklu þegar þjóðir finna sér stað í samfélagi þjóðanna. Með því vinna þjóðir sér bandamenn og skapa sér stöðu til að vinna að jákvæðum framgangi sinna mála. Þannig er nauðsynlegt fyrir Ísland að halda stöðugt á lofti hagsmunum sjávarútvegsins, styrkja markaðsstarf fyrir sjávarafurðir og vinna nýja markaði. Sjálfbær nýting sjávarauðlinda, mikilvægi hafréttarins og annar málflutningur um hreinleika afurða og skynsamlega stýringu er nauðsynlegur fyrir hagsmuni mikilvægustu útflutningsgreinar okkar. Þar má heldur bæta í en hitt. Nauðsynlegt verður að afla nýrra bandamanna og höfða til kaupenda með réttu áherslunum og upprunamerkingum þar sem sýnt er fram á heilnæmar afurðir og skynsamlega veiðistjórnun. Áhrifamikil umhverfissamtök gætu orðið öflugur liðsmaður við slíka markaðssetningu á íslenskum fiski.

Samkvæmt nýjum fréttum gera forsvarsmenn í sjávarútvegi ráð fyrir því að jafn mikil verðmæti geti orðið til við betri nýtingu og fullvinnslu á fiski og nú eru flutt út. Það kallar á að hægt verði að flytja þessar nýsköpunarvörur inn á aðra markaði með sem minnstum tilkostnaði. Undir



EES hafa Íslendingar ekki aðgang að innri markaði Evrópusambandsins fyrir sjávarafurðir nema með því að greiða tolla. Þessir hagsmunir sjávarútvegsins geta breytt stöðunni þegar kemur að umræðunni um samskiptin við Evrópu á næstu árum.

Ef sýnt þykir að fáar hættur steðji að sjávarútveginum við inngöngu í Evrópusambandið en á móti skapist fyrir hana fjölmörg tækifæri getur taflað hæglega snúist við í umræðunni hér á landi. Á móti kemur að það kann að henta stórum útgerðum að hafa tekjur í evrum en komast upp með að greiða launþegum í íslenskum krónum. Það eru þó tæpast hagsmunir þeirra sem hjá þeim starfa hér á landi eða samfélagsins í heild.

Jarðhitasókn um allar álfur

Á sama hátt er brýnt að stjórnvöld leggi lið við að fjölga tækifærum í vinnslu jarðhita víða um heim. Loftslagsbreytingar kalla á aukna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og jarðhitinn getur víða leyst mörg vandamál, takist að virkja hann með réttum hætti. Fjölgi verkefnum í jarðhita á heimsvísu fjölgar jafnframt tækifærum fyrir sérmenntað fólk með reynslu af slíkum virkjunum hér á Íslandi.

Mikla vinnu hefur þurft til að opna augu ráðamanna um allan heim fyrir möguleikum jarðhitans en það hefur þó tekist hægt og bitandi. Íslendingar eru í verkefnum í öllum heimsálfum og stór tækifæri eru í Asíu, Ameríku og Evrópu. Í Afríku hefur Ísland haft frumkvæði að verkefni með Alþjóðabankanum í þrettán ríkjum, sem er stærsta verkefni Íslands í þróunarsamvinnu fyrr og síðar. Takist vel til geta nokkrar Afríkubjóðir komist út úr orkufátækt og nýtt græna orku til þess að þróa samfélög sín. Þetta er einungis eitt dæmi um hvernig markviss stefna og auknir fjármunir í þróunarsamvinnu geta skilað árangri. Afar fróðlegt verður að fylgjast með framgangi þessa máls á næstu árum, en þegar hafa íslenskir aðilar lagt grunn að stórri virkjun í einu fjölmennasta ríki Afríku, Eþíópíu.





Jarðhitinn

Ísland hefur fengið veigamiknið hlutverk þegar kemur að því að miðla þekkingu á sviði jarðhitanytingar.

Mannréttindin þurfa rödd

Barátta fyrir mannréttindum og valdeflingu kvenna hefur verið lykilþáttur í íslenskum utanríkismálum síðustu árin. Í málaflokkunum hefur Ísland sterka stöðu bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins. Með þessum áherslum markar Ísland sér stöðu og verður þekkt fyrir sérstöðu sína. Á síðustu árum hafa fulltrúar Íslands beitt sér af krafti gegn hvers kyns mismunun og staðið frammarlega í flokki þar sem ofsóknum gegn samkyrnheigðum er mótmælt. Í slíkum málum skiptir stærð þjóða takmörkuðu máli en málflutningurinn er það sem máli skiptir.

Í jafnréttismálum er Ísland þekkt sem það land þar sem konur tróna á toppnum í alþjóðlegum samanburði. Þótt okkur finnist enn langt í land um að jafnrétti sé náð hér á landi er engu að síður mikilvægan lærdóm að finna í ýmsu því sem vel hefur tekist hér á landi. Baráttunni lýkur ekki en Ísland hefur rödd sem skiptir máli.



ÍTAREFNI

Fríverslunar-
samningurinn við Kína

Utanríkisráðuneytið

Allt um viðræður við
Evrópusambandið

Utanríkisráðuneytið

Schengen-samningur

Utanríkisráðuneytið

Smelltu á fyrirsagnirnar
til að lesa ítarefnið

Palestínumálið, þar sem Ísland gekk fram fyrir skjöldu og viðurkenndi sjálfstæði þjóðarinnar, fyrst vestrænna ríkja og fyrst Evrópuríkja í 25 ár, sýnir líka að Ísland er reiðubúið að leggja af mörkum til mannréttindabaráttu og fyrir friði. Í málinu hjó Ísland í sama knérunn og tuttugu árum fyrr þegar það viðurkenndi endurheimt sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna. Ísland getur þannig lagt af mörkum til mikilvægra mála, gangi það fram af sjálfstrausti en hvorki drambi né minni-máttarkennd.

Nýtt siglingakort eftir Kalda stríðið

Það er nú nýrrar kynslóðar að marka stefnu Íslands gagnvart heiminum. Þeir sem harðast standa gegn því að þjóðin fái að meta hvaða leið sé heppilegust í samskiptunum við stærsta markað okkar í Evrópu eru þeir sem lengi hafa verið á velli íslenskra stjórn mála. Þeir ala á ótta og beita kennivaldi í utanríkismálunum sem ætti að hafa beðið hnekki í ljósi reynslunnar. Þeir treystu fyrst og fremst á að Ísland ætti að freista gæfunnar undir handarjaðri stórveldanna, Sovétríkjanna eða Bandaríkjanna. Þeir voru ekki tilbúnir fyrir nýja tíma og stjórna nú niðurdrepandi umræðu um stöðu Íslands í heiminum. Því miður hafa þeir enn mikil áhrif, einkum innan stjórn málaflökkanna sem virðast sem í fjötrum horfinnar heimsmyndar.

Það væri óskandi að þau fjölmörgu sem hafa sótt sér menntun í hvers kyns alþjóðasamskiptum eða hafa starfsreynslu af alþjóðavettvangi blönduðu sér meira í umræðuna um íslensk utanríkismál til að hægt verði í auknum mæli að marka brautina út frá sterkri sjálfsmynd og hagsmunum Íslands fremur en ótta og órökstuddum kreddum.





KSÍ í brimrótinu

ALMANNATENGLS

Grétar Sveinn
Theodórsson

gretar@innsynpr.is



Deildu með
umheiminum

Frá því að flautað var til leiksloka í leik Íslands og Noregs í undankeppni HM, og ljóst varð að íslenska liðið væri á leið í umspil um sæti í loka-keppni heimsmeistarakeppninnar í Brasilíu næsta sumar, hefur umræðan snúist um allt annað en fótbolta. Fyrst voru það RÚV og Bakarameistarinn sem voru í eldlínunni en KSÍ tók sviðið með trompi í kjölfar þess að hafa selt miða á umspilsleikinn í skjóli nætur.

Stóra miðasölumálið er aðeins eitt af mörgum málum undanfarið þar sem KSÍ hefur verið í brimrótinu. Fyrst var það heimsókn fjármálastjóra KSÍ á súlustaðinn Rauðu mylluna í Sviss, sem kom upp á yfirborðið árið 2009. Í júlí

síðastliðnum ákvað Aron Jóhannsson að spila fyrir bandaríska landsliðið og viðbrögð KSÍ þóttu illa ígrunduð, og nú í lok október logaði allt vegna þeirrar ákvörðunar KSÍ að hefja miðasölu á leik Íslands og Króatíu klukkan 4.00 um nótt. Skoðum aðeins hvernig viðbrögð KSÍ voru í þessum málum.

Súlustaðurinn

Það er athyglisvert að skoða viðbrögð KSÍ í öllum þessum málum, en þau eiga það sameiginlegt að starfsmenn sambandsins hafa að eigin mati ekki gert neitt rangt og alltaf virðist sökin liggja annars staðar. Í máli fjármálastjórans sem lét strauja 3,2 milljónir af kreditkorti KSÍ á súlustaðnum Rauðu myllunni árið 2005, en málið kom upp á yfirborðið árið 2009, sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, að heimsókn fjármálastjórans á súlustaðinn væri ekki í anda KSÍ en hugsanlega hefði hann sofnað á staðnum og kortunum verið stolið af honum. Raunar sagðist fjármálastjórinn hafa sótt málið í Sviss og fengið hluta upphæðarinnar endurgreiddan. Það má því vel vera að eitthvað misjafnt hafi gerst, en það var í raun aukatriði í umræðunni, enda óumdeilt að fjármálastjórinn var á súlustað með kort KSÍ og að málið hafði verið afgreitt án nokkurra afleiðinga innan KSÍ á sínum tíma. Umræðan var farin úr böndunum og því þurfti KSÍ að bregðast við með öðrum og skýrari hætti en gert var. Á þessu stigi málsins hefðu KSÍ og fjármálastjórinn átt að stiga fram og biðjast einlæglega afsökunar og sýna iðrun. Í útskýringum Geirs og fjármálastjórans var ekki að finna mikla auðmýkt og þetta var í raun allt öðrum að kenna. Viðbrögð KSÍ í þessu máli hafa augljóslega haft mikil áhrif á ímynd KSÍ, enda kemur málið iðulega upp í umræðunni þegar sambandið liggur undir gagnrýni.

Aron Jóhannsson

Í lok júlí á þessu ári tilkynnti Aron Jóhannsson að hann hygðist spila fyrir landslið Bandaríkjanna í stað Íslands. Ákvörðunin hafði átt sér nokkurn aðdraganda og reglulega var fjallað um málið í fjölmiðlum. KSÍ brást við ákvörðun

„Það einkennir viðbrögð forsvarsmanna KSÍ í öllum þremur málunum sem rakin eru hér að ofan að þeir eru sjálfir í miðjunni á storminum en virðast velja það að bregðast við án utanaðkomandi ráðgjafar.“

Arons með því að senda harðorða yfirlýsingu á fjölmiðla. Þar segir að Aron hafi ekki svarað kalli landsliðsþjálfara Íslands síðasta árið á sama tíma og Jürgen Klinsman, landsliðsþjálfari Bandaríkjanna, sýndi honum áhuga og að tengsl Arons við knattspyrnu í Bandaríkjunum séu engin. Þá segir í yfirlýsingunni að „það eina sem KSÍ hefur fengið ábendingar um frá hagsmunaaðila er að tekjumöguleikar Arons sem leikmanns fyrir Bandaríkin séu allt aðrir og meiri í formi styrktar- og auglýsingatekna en sem leikmanns Íslands,“ og Aron er jafnframt beðinn um að endurskoða ákvörðun sína. „Það er einfaldlega þannig að landsliðsmenn Íslands leika fyrir land og þjóð og hljóta fyrir heiður og sæmd.“

Þessi yfirlýsing frá KSÍ verður að teljast nokkuð undarleg; ráðist er á Aron fyrir að velja Bandaríkin og honum gerðar upp óeðlilegar ástæður fyrir valinu. Það er ljóst að forsvarsmenn KSÍ hafa orðið fyrir vonbrigðum með ákvörðun Arons, líkt og fjölmargir knattspyrnuáhugamenn. Hafi þeir vonast til að snúa henni með þessari undarlegu yfirlýsingu gekk það ekki upp, enda ekki líklegt til árangurs að skamma leikmann og væna hann um græðgi til að fá hann til að skipta um skoðun. Þarna hefði KSÍ auðvitað átt að senda frá sér yfirlýsingu þar sem sambandið segðist virða ákvörðun Arons, þó að vissulega væri sárt að horfa á eftir svona góðum leikmanni, og óska honum alls hins besta með liði Bandaríkjanna. Í stað þess fékk almenningur, sem hafði að mörgu leyti samúð með þeirri erfiðu stöðu sem Aron var í, þá mynd af KSÍ að forystumenn sambandsins væru bitrir og teldu sig eiga heimtingu á því að Aron léki með Íslandi, af því bara.

Stóra miðasöllumálið

Þegar flestir íslenskir knattspyrnuáhugamenn vöknúðu að morgni þriðjudagsins 29. október síðastliðinn var uppselt á leik Íslands og Króatíu. Miðasala hafði verið sett af stað klukkan 4.00 um nóttina, til að dreifa álaginu að sögn KSÍ. Gríðarleg óánægja var með þetta fyrirkomulag og fljótlega fóru á kreið sögur um að vinir og kunningjar KSÍ hefðu vitað af þessu og náð að tryggja sér miða. Umræðan stigmagnaðist,

bæði í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, fram að hádegi en þá sendi Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, frá sér fréttatilkynningu þar sem hann baðst afsökunar á framkvæmd miðasöluvarnarmála og viðurkenndi að sambandið hefði gert mistök. Þarna gerði Þórir rétt, hann brást við

umræðunni tiltölulega snemma og axlaði ábyrgð á málinu, að minnsta kosti á yfirborðinu.

Þrátt fyrir að Þórir hafi skrifað „undirritaður tekur alfarið ábyrgð á því að miðasalan fór í gang kl. 4 í nótt“ og „í ljósi þeirrar óánægju sem fram hefur komið er ljóst að það voru mistök og biðst ég afsökunar á því“ er hins vegar erfitt að sjá einlægni í tilkynningu hans. Meirihluti hennar fer í það að fara yfir hvernig miðasölukerfi midi.is hafi ekki ráðið við álagið sem var óumflýjanlegt og þörfina á að stækka Laugardalsvöll. Þessi yfirlýsing Þóris er sem sagt í raun dæmi-gerð ekki-afsökunarbeiðni, hann gerði jú mistök en aðalástæðan liggur í miðasölu-kerfi midi.is og litlum Laugardalsvelli.



Þórir Hákonarson

Í svona máli skiptir miklu að bregðast við áður en umræðan fer úr böndunum og hugsanlega hefði Þórir náð að kæla umræðuna með einlægri afsökunarbeiðni þar sem hann tæki fulla ábyrgð á málinu. Með því að reyna að verja sig og snúa sig út úr þessu og með því að varpa ábyrgð að hluta yfir á midi.is fer umræðan úr böndunum. Midi.is sendi síðan frá sér yfirlýsingu seinna um daginn þar sem fyrirtækið sagðist vel hafa getað höndlað álagið sem fylgdi miðasölu. Hvort sem það var rétt eða ekki sýna rannsóknir að almenningur trúir þeim sem hefur óbeina aðkomu að málum, eins og midi.is, miklu frekar en aðalgerandanum, sem er KSÍ í þessu tilfelli. Þórir eyddi því í raun restinni af deginum í það að verja sig og vinda ofan af málinu, en trúverðugleiki hans var lítill eftir það sem á undan var gengið.

Bregðast við án utanaðkomandi ráðgjafar

Allir geta gert mistök og þar er KSÍ ekki undanskilið. Það er líka skiljanlegt að fólk og fyrirtæki séu óviðbúin í svona málum og að fyrstu viðbrögð séu að verja gjörðir sínar. Það einkennir viðbrögð forsvarsmanna KSÍ í öllum þremur málunum sem rakin eru hér að ofan að þeir eru sjálfir í miðjunni á storminum en virðast velja það að bregðast við án utanaðkomandi ráðgjafar. Í krísu er einmitt mjög gott að fá ráðgjöf frá hlutlausum aðila sem hefur engra hagsmuna að gæta í málinu og er með ákveðna fjarlægð á það. Þá er mjög sennilegt að engin áætlun sé til innan samtakanna um það hvernig bregast skuli við krísum, en slík áætlun dregur úr ákvörðunum sem taka þarf undir miklu álagi og í flýti. Það er alveg ljóst að öll þrjú málin hafa haft neikvæð áhrif á ímynd KSÍ og í framtíðinni þarf sambandið að vanda sig betur þegar brugðist er við erfiðum málum svo þau skyggi ekki á það jákvæða í starfi þess.



SPILA AUGLÝSINGU

Eftir að hafa verið hluti af fjölskyldunni í áraraðir vitum við að allt getur gerst

ÞESS VEGNA ER **F PLÚS** VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN Á ÍSLANDI

Best er auðvitað að fyrirbyggja slysin. En eins og við vitum eru nánast engin takmörk fyrir því óvænta sem getur komið upp á. F plús veitir viðtæka tryggingavernd sem sniðin er að

breytilegum þörfum fjölskyldunnar á hverjum tíma. Njótum lífsins áhyggjulaus með F plús fjölskyldutryggingu.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | ÁRMÓLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VÍS IS

vís



Mjög erfitt að keppa við risana

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Ólafur Adólfsson apótekari



Deildu með
umhverfinum

Ó

lafur Adolfsson er stór maður. Hann var enda miðvörður íslenska knattspyrnulandsliðsins um tíma. Undanfarin ár hefur Ólafur, sem er lyfjafræðingur, einbeitt sér að rekstri lyfjaverslana. Hann opnaði fyrst apótek á Akranesi, sem heitir Apótek Vesturlands, árið 2007 og hóf harða samkeppni gegn lyfjakeðjunni Lyfjum og heilsu sem var þar fyrir á fleti. Í þeim leik er hann lítill fiskur í stórri tjörn.

Samkeppnin var raunar það hörð til að byrja með að Lyf og heilsa misbeitti markaðsráðandi stöðu sinni til að reyna að gera út af við apótek Ólafs. Það hefur verið staðfest af Samkeppniseftirlitinu, héraðsdómi og Hæstarétti. Lyfjum og heilsu var á endanum gert að greiða 100 milljónir króna í stjórnvaldssekt fyrir brotið. Vesturlendingar voru það ánægðir með innkomu Ólafs á markaðinn að þeir völdu hann Vesturlending ársins árið 2009.

„Ég skil ekki af hverju það þarf að taka svona langan tíma að selja Lyfju, sérstaklega á meðan fyrir-tækið er svona stór þátttakandi á markaði.“

Hefði getað hætt rekstri

Hæstaréttardómur í málinu féll í mars 2013. Ólafur segir að kvörtun hans til Samkeppniseftirlitsins yfir athæfi keðjunnar hafi verið hringd inn snemma í júlí 2007. Því hafi liðið rúm sex ár frá því að málið fór af stað þar til endanleg niðurstaða fékkst í það. Ólafur segir þetta allt of langan tíma. „Á fyrstu árunum var þetta gríðarlega erfitt. Það er bagalegt að mál sem varða samkeppnislög þurfi að taka svona langan tíma. Í sjálfu sér hefur þetta mál þróast á þann veg að ég kem út sem ákveðinn sigurvegari í því. En sú staða hefði auðveldlega getað verið uppi að ég hefði lokað um áramótin 2007/2008. Það var raunverulegur möguleiki.

Það er erfitt fyrir aðila sem eru að byrja á markaðnum að mæta svona grófum samkeppnislaga brotum. Við höfum séð úrskurði vera að falla fyrirtækjum í hag sem þegar eru hætt rekstri eða hafa verið tekin yfir af samkeppnisaðilum. Það þarf því úrræði hjá Samkeppniseftirlitinu þar sem þeir kveða upp bindandi úrskurð sem síðan er hægt að fara með lengra þannig að málin taki ekki nema 6-12 mánuði að hámarki.“

Ólafur segist fyrst og fremst svektur með kollega sína í lyfjafræðigeiranum sem hann telur að hafi tekið þátt í þeim brotum sem apótekið hans varð fyrir. „Ég er afskaplega svektur með lyfjafræðingana sem störfuðu innan þessarar einingar, að þeir skyldu taka þátt í þessu. Ég trúi ekki öðru en að þeim hafi verið fullljóst hver staðan var. Í mínum huga setur þetta dálítið svartan blett á störf þeirra.“

Hann og meðeigendur hans höfðuðu einkamál á hendur Karli Wernerssyni, aðaleiganda og forstjóra keðjunnar, eftir niðurstöður Hæstaréttar, enda telja þau sig hafa orðið fyrir töluverðu tjóni.

AÐ FÆRAST ÚR SAMKEPPNISMARKAÐI Í AÐ VERA HLUTI AF HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

„Þessi lyfjaverslunarmarkaður er að fara lengra frá því að vera samkeppnismarkaður og nær því að verða hluti af heilbrigðisþjónustunni. Árið 1996 var tekin sú ákvörðun með lögum að þetta ætti að vera samkeppnismarkaður. Það ætti að þýða að það væri ekki sama verð á lyfjum til dæmis í Reykjavík og á landsbyggðinni. Stærri markaður þýddi einfaldlega lægra verð. Það hefur ekki gerst að öllu leyti. Hluti

af skýringunni er verðstýring hins opinbera. Og hún er óvenjumikil núna eftir síðustu breytinguna. Það er tilhneiging til að færa kerfið í átt að því sem er í Danmörku, þar sem lyfjasala er hluti af heilbrigðiskerfinu. Þar er þeim sem reka hana tryggð ákveðin framlegð en ekkert umfram það. Það er hins vegar heilbrigðisþjónutísk ákvörðun að taka þetta skref.“

Erfiðar markaðsaðstæður

Í dag er Apótek Vesturlands eina lyfjaverslunin á Akranesi. Lyf og heilsa er hætt rekstri þar. Eigendur þess hafa líka fært út kvíarnar og opnuðu nýtt apótek, Reykjavíkur Apótek, í Héðinshúsinu árið 2009. Ólafur segir aðstæður á þessum markaði þó enn vera afar erfiðar. Tvær stærstu lyfja-keðjurnar, Lyf og heilsa og Lyfja, séu ákaflega fyrirferðar-miklar. Það geri málið enn sérstakara að stærri keðjan, Lyfja, sé að stærstum hluta í óþeinni eigu þrotabús Glitnis og hafi verið það síðan í árslok 2011. Hin keðjan er síðan undir í málaferlum sem þrotabú Milestone hefur höfðað gegn bræðrunum Karli og Steingrími Wernerssyni og félaginu Aurláka, sem er móðurfélag Lyfja og heilsu.

Ólafur segir þetta óneitanlega dálítið sérstaka stöðu. „Það eru mjög mikil umsvif hjá báðum þessum aðilum. Það sem




„Ég held að það sé augljóst að bankinn fái hærra verð við að selja það í einu lagi vegna þess að þá verður fyrirtækið enn í mjög sterkri stöðu.“

truflar okkur einyrkjana mest er hvað Lyfja hefur farið hamförum í auglýsingum. Maður opnar varla fjölmiðil án þess að Lyfja sé að auglýsa í honum. Þeir hafa líka opnað að minnsta kosti eina nýja verslun á þessum tíma, á Nýbýlaveginum, og hafa auk þess verið að taka verslanir hjá sér í gegn. Lyfja hefur líka fært höfuðstöðvar sínar í það sem ég geri ráð fyrir að sé stærra og dýrara húsnæði.“

Fátt eftir til að keppa um

„Það er nýbúið að gera drastískar breytingar á greiðsluþátttöku lyfja sem þvingar fram afslátt til ríkisins og sjúkra-trygginga. Auðvitað er ótvírætt að það eru ákveðnir kostir sem fylgja þessu nýja kerfi. Það var klárlega til staðar mismunun á milli sjúkdóma og það var ekki tekið tillit til þess hver heildarútgjöld þín gætu orðið. Það var galli á gamla kerfinu. En með því var dregið mjög úr verðsamkeppni. Nú er nánast engin samkeppni á greiðslumerktum lyfjum, sem eru um 80 prósent allra lyfja. Þá fara aðrir þættir að skipta miklu máli, til dæmis hversu mikið þú getur auglýst og hvar verslanirnar eru staðsettar.“

Að sögn Ólafs er stutt að minnast þess hvernig staðan var fyrir hrún þegar Lyfja og Lyf og heilsa voru búin að skipta með sér markaðnum. Leynt og ljóst. „Þessir aðilar voru komnir á alla bestu staðina. Þeir eru að velta fyrir sér hver þróun verði í heilsugæslumálum næstu 10-15 árin og eru jafnvel búin að festa sér húsnæði þar sem fyrirhugað er að rísi heilsugæsla. Þetta hefur gert okkur mjög erfitt fyrir með að keppa. Fyrir breytingarnar á greiðsluþátttökukerfinu gátum við keppt með því að lækka verð og reynt að spýta í samkeppnina þannig. En nú er eiginlega búið að kippa þeim vopnum úr höndunum á einyrkjunum. Það er því lítið eftir fyrir okkur að keppa um annað en auglýsingastyrkur og staðsetning. Það er virkilega ójafn leikur. Það pirrar okkur auðvitað að þarna eru fyrirtæki eins og Lyfja sem er mjög gírað. Sem var búið að fjárfesta helling fyrir hrún og fær það svo í bakið en virðist samt spila frítt spil með þessu eignarhaldi.“



Skilur ekki af hverju Lyfja er ekki seld

Samkvæmt lögum mega fjármálafyrirtæki eiga eignir í óskyldum rekstri í tólf mánuði. Eftir það er hægt að sækja um undanþágur til að halda á þeim lengur. Lyfja hefur nú verið í eigu fallins fjármálafyrirtækis í næstum tvö ár. Frá bankahruni hefur Lyfja raunar verið í gjörgæslu kröfuhafa sinna, enda var töluvert af skuldum fyrirtækisins afskrifað í lok árs 2011. Ólafur segist ekki hafa fengið neinar upplýsingar um hversu lengi þrotabúið ætli sér að eiga fyrirtækið. „Þetta er skaðlegt ástand fyrir íslenskt efnahagslíf. Og þetta er óheilbriggt samkeppnisumhverfi. Ég skil ekki af hverju það þarf að taka svona langan tíma að selja Lyfju, sérstaklega á meðan fyrirtækið er svona stór þátttakandi á markaði. Ég held að það væri skynsamlegt að skoða einhvers konar uppskiptingu á þessum félögum.“

Ólafur er þó meðvitaður um að eignarhald á stórum samkeppniaðila gæti verið verra en að hvíla í faðmi þrotabús banka. „Við gætum til dæmis sé fyrir okkur að erlendum heildsali myndi sjá sér hag að kaupa þennan aðila. Þá værum



við að horfa á svipaða stöðu og er uppi í Noregi. Þar eiga stórir dreifingaraðilar smásöluna. Það er verri staða en er uppi í dag hérlendis.

Það er ekkert að því að það sé stór aðili á markaðnum. Hann hefur þá bolmagn til að sinna ákveðinni samfélagslegri þjónustu. Hann getur til dæmis prófað eitthvað nýtt sem í felst einhver kostnaður. Getur veitt smærri byggðum ákveðna þjónustu.“

„Það er því lítið eftir fyrir okkur að keppa um annað en auglýsingastyrkur og staðsetning. Það er virkilega ójafn leikur.“



Hefur áhuga á að kaupa út einingar

Ólafur neitað því ekki að hann og samstarfsfólk hans hefðu áhuga á að kaupa einingar út úr keðjunni, sérstaklega á Vesturlandi. Hann er þó ekki viss um að verðmiðinn sem settur yrði á þær einingar sé eitthvað sem einyrkjar á markaði myndu ráða við. „Í mínu tilfalli gæti verið mikil stærðarhagkvæmni í því að bæta við fleiri lyfjabúðum á Vesturlandi. Það hefur oft verið komið að máli við mig um að opna einingar á þessum stöðum. En þetta eru bara allt of litlir staðir til að vera með tvær lyfjabúðir. Ef þú skoðar þetta fyrirtæki, Lyfju, og þann slagkraft sem það hefur, hvort er líklega að bankinn fái betra verð ef fyrirtækið er selt í einu lagi eða í nokkrum hlutum? Ég held að það sé augljóst að bankinn fái hærra verð við að selja það í einu lagi vegna þess að þá verður fyrirtækið enn í mjög sterkri stöðu.“

En í mínum huga verður að skila þessum fyrirtækjum aftur út í atvinnulífið. Það þarf að koma lífvænlegum fyrirtækjum aftur af stað. Ég held líka, og sakna þess, að þegar það kunna að vera málefnalegar ástæður fyrir viðbótarfrestun á eignarhaldi banka á fyrirtækjum sé gerð grein fyrir þeim. Að ástæður þess að frestirnir séu veittir séu birtar.

Það má heldur ekki gleyma því heldur að þeir aðilar sem sýsla með endurskipulagningu fyrirtækja hafa atvinnuhagsmunum af því að hlutirnir dragist á langinn. Í sjálfu sér væntir maður einskis annars en að málin muni dragast á langinn frá þeirra hálfu. Eftirlitsaðilar þurfa hins vegar að halda fastar utan um þetta og vera grjótharðir í þessum málum.“

Það er eitthvað við Vísindakirkjuna...

SCIENTOLOGY



Deildu með
urnheiminum



TRÚMÁL

Dröfn Ösp Snorradóttir
Rozas skrifar frá
Los Angeles



Ég er kolfallin fyrir Vísindakirkjunni, ekki þannig að ég kæri mig um að vera meðlimur í henni, heldur er hún mér endalaus uppspretta af áhugaverðum sögum og sögusögnum enda sjúklega dularfull að ég hélt.

Ég ætla að reyna að koma frá mér nokkrum áhugaverðum punktum um hana sem hafa heillað mig lengi. Ég fór fyrr á árinu á upplestur hjá Lawrence Wright, en hann skrifaði bókina „Going Clear“ sem fjallar um Vísindakirkjuna einungis á staðreyndum, viðtölum við fyrrverandi meðlimi og vitnisburðum úr réttarsólum. Ég viðurkenni að það er ekki vöntun á efni um Vísindakirkjuna en þessa bók var ég tilbúin að lesa enda rithöfundurinn virtur blaðamaður og Pulitzer-verðlaunahafi. Minniháttar bækur í anda sorprita læt ég eiga sig því sannleikurinn á bak við Vísindakirkjuna er trylltari en nokkur maður gæti fundið upp. Á blaðsíðu 80 hélt ég að ég yrði ekki eldri og svo aftur á blaðsíðu 120 og koll af kolli, en bókin er tæpar 400 síður. Mæli eindregið með þeirri stórkostlegu lesningu.

Fína og fræga fólkið liggur kylliflatt fyrir kirkjunni

Fyrst og fremst byrjaði þessi brennandi áhugi minn á þessari kirkju sökum þess hversu mikið af fina og fræga fólkinu í Hollywood liggur kylliflatt fyrir henni. Vísindakirkjan er í raun og veru, að mínu mati að sjálfsögðu, sjálfshjálpartækni sem L. Ron Hubbard diktaði upp í kringum 1950. Leikstjórinn Paul Thomas Anderson byggði kvikmyndina The Master, sem kom út árið 2012, á Hubbard og lífi hans. Einnig má finna á Youtube-vefnum stórgóðar heimildarmyndir og þætti um Vísindakirkjuna og einn af mínum uppáhalds þar er þátturinn „[Secret lives – L. Ron Hubbard](#)“.

Þar eru uppljóstranir frá fólki sem stóð honum mjög nærri en hefur nú yfirgefið kirkjuna eftir að hafa verið ofboðið. En áður en við getum lýst því hvað það var sem fólki ofbauð þarf aðeins að skýra út nokkur hugtök og renna yfir sögu mannsins Hubbards, sem lifði eins og guð á meðal dýrkenda sinna.





Hubbard var stórkostlega áhugaverður einstaklingur en í senn var hann einstaklega aumkunarverður líka. Hann er fæddur 1911 í Nebraska og montaði sig sjálfur af því að þegar hann var þriggja og hálfis árs hefði hann farið á hestbak á villihestum og einnig byrjað að lesa sama ár. Hann var víst ekkert að lesa Einar Áskel eða slíkt léttmeti heldur vatt sér beint í klassísk heimspekirit og var heillaður af ritgerðum Sigmunds Freud. Hubbard flutti oft og ferðaðist mikið sem barn og unglingur þar sem pabbi hans var í hernum í Heimsstyrjöldinni fyrri, þar á meðal til Guam og Kína, og þar hreifst hann af austurlenskum trúarbrögðum. Hann á að hafa farið inn í forboðin klaustur þar sem hann sat í margar vikur og fylgdist með búddamunkum hugleiða. Eftir slíka upplifun var hann heillaður af spurningunni: Af hverju? Af hverju er svona mikill sársauki og eymd? Af hverju getur maðurinn, með alla sína vitneskju og þekkingu, ekki leyst grundvallarvandamál eins og stríð, geðtruflanir og óhamingju?

En þetta er texti sem kirkjan segir hann hafa verið að velta fyrir sér sem unglingur. Hið rétta er að hann fór í ferð með YMCA/KFUM í einungis 10 daga ásamt foreldrum sínum til Kína, en á þau er hvergi minnst í Vísindakirkjubókum í þessari ferð hans, enda á að sýna hann í guðlegu ljósi sem einstaklega framsýnan og innsæjan mann sem fór í uppgötunarferð um lífið og tilveruna eins og fleiri spámennt. Hann hins vegar virðist ekki vera þessi íhuguli og framsýni ungi maður út frá lýsingum hans í raunverulegu ferðadagbókinni sem hann ritaði þar sem hann gerir í raun grín að munkum sem koma honum spánskt fyrir sjónir og segir þá bara sitja og krunka eins og froska. Þær lýsingar eru frekar vitnisburður um ósköp venjulegan drengstaula og ef eitthvað, sjónarmið unglingsstráks sem er heimsvaldasinni og ekki beint opinn fyrir nýjum eða öðruvísi háttum og siðum. Þarna fer maður að skynja að það er ekki beint allt með felldu en kirkjan vill að sjálfsögðu tala ósköp vel um sinn æðsta mann og skapara. En svona litlar sögur sem sýna fram á ótrúverðugleika um hann sem svona stórkostlegan



einstakling verða síðan flóknari og fleiri þar til maður sér fyrir sér brjálaðan mann sem teymir saklaust, leitandi fólk áfram í ruglið.

Gaf út 1.084 bækur

Hubbard var einstaklega virkur penni og hóf þann feril í skóla-blöðum. Seinna urðu skriftir að frama fyrir hann og hann skrifaði vísindaskáldsögur fyrir reyfarablöð sem síðar urðu að bókum og hann seldi bílfarma af þeim. Meira að segja átti hann ennþá metið í heimsmetabók Guinness árið 2006 yfir flestar útgefnar bækur, 1.084 titla. En hann dreymdi um að vera stríðshetja í sjóhernum og landkönnuður. Hann og vinur hans auglýstu eftir mönnum sem hefðu ævintýraþrá til að koma með þeim í reisu til að rannsaka vúdúsiði á Haítí og senda fréttamyndir til Fox úr Karíbahafi. Það var víst ekki ferð til fjár en til marks um þrá-

hyggju hans um að vera úti á sjó og hafa fjölda skipa á sínum snærum.

Í raun bjó Hubbard að miklu leyti á hafi úti í fjölda ára þegar kirkjan var stofnuð og var nánast landlaus því að hann skuldaði skatta og var hundeltur af yfirvöldum. Breska ríkisstjórnin hafði hann grunaðan um heilapvott og almennan óskunda sömuleiðis. Hann hafði til dæmis í huga að setjast að í Ródesíu, núna Simbabve, slá þar Vísindakirkjumynt og breyta landinu í Vísindakirkjuland en það endaði með því að hann var rekinn úr landi grunaður um að skipuleggja valdarán. Meðlimir kirkjunnar hafa barist fyrir trúfrelsi sínu og fengu eftir dúk og disk árið 1993 vottun frá Skattstofunni





í Bandaríkjunum um að þau væru vissulega trúarbrögð en ég vil meina að annað hangi á spýtnunni en velferð meðlima eða trúin sjálf. Ég tel að aðalatriðið sé skattfríðindin sem trúfélög fá að njóta og er svo sannarlega mikið í húfi fyrir Vísindakirkjuna enda á hún gríðarlegt magn af fasteignum úti um allan heim og gjöld meðlima eru þar með sömuleiðis talin skattfrjáls og renna beint inn í kirkjunna. Ef það væri ekki fyrir þessi fríðindi væri Vísindakirkjan einfaldlega sjálfshjálparsamkoma og ef hún hefði tapað þessari baráttu fyrir skattayfirvöldum hefði hún líklega liðið undir lok.

ORÐSKÝRINGAR

AUDITOR Sá sem stillir E-mæli (e. E-meter, sjá neðar), sem er svipaður og lygamælir, og spyr viðkomandi spjörunum úr til að hreinsa gömul tilfinningasár. Við þetta „hreinsast“ fólk.

CLEAR Að hreinsast, fyrsta stigið til að taka á móti lærdómi Vísindakirkjunnar. Héðan í frá liggur leiðin að því að verða OT.

E-METER Svipað og lygamælir – á að meta líðan fólks á meðan endurskoðandinn fer yfir spurningar. Hubbard sagði að þetta apparat væri svo næmt að það heyrði grænmeti öskra meðan verið væri að skera það. Sjá mynd.

OT „Operating Thetan“ eða starfandi þetan – andlegt æðsta stig Vísindakirkjunnar. Engu að síður er svo stig af OT frá því að vera OT I-OT VIII. Þegar manneskja er OT er hún fullkomlega meðvitund og er „vitandi og viljandi með stjórn á lífi sínu, hugsunum, efni, orku, tíma og rúmi“.



Skv. Hubbard átti OT-manneskja ekki einu sinni að geta fengið flensu, haft lélega sjón, fengið frunsu eða handleggsbrotnað. Ef slíkir hlutir komu fyrir var fólkí refsað fyrir slíkt og sent í RFP.

Miscavige sökudólgurinn

En hvað er þá svona hræðilegt við þessa kirkju? Hvert er vandamálið ef fólk vill tilbiðja Jesú, Búdda, Óðin, forfeður sína eða skrifborðið sitt? Það sem er gagnrýnivert við Vísindakirkjuna má að miklu leyti rekja til David Miscavige, sem tók við sem æðsti maður skömmu eftir að L. Ron



Hubbard dó árið 1986, 26 ára gamall. Hann rauk upp allar stöðuhækkningar og stig sem hægt var að klára í Vísindakirkjunni frá því hann var barn með undraverðum hætti. Hann er klassískt dæmi um mann með minnimáttarkennd og mikilmennskubrjálæði en fjölmargar heimildir eru um ofbeldi hans gagnvart öðrummeðlimum kirkjunnar. Öllum sögum af því tagi neitar kirkjan þó að sjálfsgöðu staðfastlega.

Það að gerast Vísindakirkjumeðlimur þarfnast þess að fólk kvittar undir milljarðs ára samning um eilífðarþjónustu og ef fólk vill skrá sig í Sea Org klaustrið þá fær viðkomandi einungis tvennar buxur, tvo boli og skópar sem á að duga að eilífu samkvæmt því sem Lawrence Wright skrifaði. Enn fremur fá klausturmeðlimir 50 dollara á viku í laun, eða rúmlega 6.000 krónur, en svo eru innheimtar sektir þegar ekki er farið eftir öllum ómögulegum reglum. Ef fólk til dæmis brýtur saman þvott vitlaust, verður veikt eða sofnað á verðinum eftir 34 tíma vakt á það sekt yfir höfði sér.



ÍTAREFNI

Viðtal við Jason Beghe

Ótrúlegt viðtal við leikarann um inngöngu hans og brotthvarf úr Vísindakirkjunni

Blogg Marks Rathburn

Rathburn er fyrrverandi yfirmaður í Vísindakirkjunni.

Viðtal við David Miscavige

Viðtal á YouTube

Tom Cruise um Vísindakirkjuna

Frægt en óskiljanlegt viðtal

Panorama um Vísindakirkjuna

Úr breska fréttabættinum Panorama

Smelltu á fyrirsagnimar til að lesa ítarefnið

Dramatískar brottfarir

Verst af öllu er að sjálfsögðu ef fólk vill fá að yfirgefa kirkjuna. Fjölmarginir hafa yfirgefið kirkjuna á mjög dramatískan hátt, jafnvel skilið börn og buru eftir í skjóli nætur og aldrei snúið aftur, en ef útsendarar kirkjunnar komast að slíku er voðinn vís. Sea Org-meðlimurinn Valeska Paris skrifaði fjórtán ára gömul undir milljarðs ára samning og þremur árum síðar fyrirfór faðir hennar sér. Sagan segir að hann hafi verið farsæll kaupsýslumaður sem hafi verið fjórtán ár í kirkjunni og misst í raun allt sitt fé til hennar, enda reikningarnir fyrir námskeið til að bæta sjálfan sig himinháir. Þegar eiginkona hans afneitaði kirkjunni í beinni útsendingu í frönsku sjónvarpi var Valesku skipað af Miscavige að „aftengjast“; afneita og hætta öllum samskiptum við fjölskylduna sína. Til að tryggja að hún stæði við þetta kom Miscavige henni fyrir á Freewind-skipi kirkjunnar, þar sem háttsettir meðlimir fara í frí og halda fín boð. Henni var lofað að hún yrði þar einungis í tvær vikur til að jafna sig og aðlagast. Henni var komið fyrir í lítilli kætu sem var með öryggismyndavél og hvert sem hún fór um borð, hvort sem var til að vinna eða á klósettið, var öryggisvörður með í för. Þessar tvær vikur reyndust síðan vera tólf ár um borð á skipinu. Hún var færð af því árið 2007 og þá í endurhæfingar-búðir kirkjunnar, en þar er fólk enn frekar refsað fyrir feilspor, til dæmis að horfa á einhvern með röngum hætti eða hvá á David Miscavige sjálfan. Skömmu eftir að hafa verið færð af Freewind náði Valeska að hætta í kirkjunni en hún lifir í ótta um að fá senda himinháa reikninga um námskeið sem hún bað aldrei um, enda barn þegar hún byrjaði í kirkjunni og hafði ekkert val um að sækja eða ekki.

Fólk elt milli fylkja

Ekki er hægt að kalla það margt annað en ofbeldi sem fólk verður fyrir þegar það vill fá að yfirgefa klaustrin eða hætta í trúnni, enda er það elt milli fylkja og hrellt það með hótunum og beinu ofbeldi fyrir það eitt að vilja losna undan valdi Vísindakirkjunnar. Að halda fólk gegn vilja þess í





tólf ár er ekkert annað en frelsissvipting á hæsta stigi. Að fína og fræga fólkið vilji í alvörunni kvitta undir trúarbrögð sem kemur svona fram við meðlimi sína er mér með öllu óskiljanlegt. Á móti kemur að fólk sem hrærist í yfirborðs-kennndri Hollywood-veröldinni er hungrað af gegndarlausri þrá í að verða frægt. Kirkjan elur síðan á þessu hungri og heldur að sjálfsögðu rándýr námskeið. Og ef Tom Cruise er í fararbroddi, hvernig getur það farið úrskeiðis?

ORRI PÁLL ORMARSSON

HEMMI GUNN SONUR ÞJÓÐAR



Hlustaðu á bókina í frábærum flutningi
Hjálmars Hjálmarssonar leikara



Þú færð eBækur.is forritið á App store



Njóttu þess að lesa ...

eBækur

www.ebækur.is



Scintilla með stílyfirlýsingu

Sækir sér hóp fjármögnun á Karolina Fund.

HÖNNUN
Þórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is



Deildu með umheiminum



Smelltu til að heimsækja vefsíðu Scintilla

Scintilla er íslenskt sprotafyrirtæki í textíliðnaði. Það var stofnað fyrir um þremur árum, veitir um það bil fimm manns vinnu og hefur þegar ráðist í útrás með heimilisvörulínu sína. Fyrirtækið er nú að reyna að **hópfjarmagna línu af speglum** með sandblásnum mynstrum sem sýndir verða á Spark Design Space 21. nóvember næstkomandi.

Linda Björg Árnadóttir, listrænn stjórnandi Scintilla, segir fyrirtækið vera með tvær línur í gangi eins og er. „Annars vegar erum við með línu í heimilisiðnaði. Það eru púðar, sængurver, handklæði, rúmföt og annað slíkt sem hefur með heimilistextíl að gera. Hins vegar erum við með textílvörur fyrir hótél. Við höfum fundið að það er greinileg þörf fyrir fyrirtæki sem sér hótélum fyrir textíl hérlendis. Það eru mörg hótél í vandræðum með þetta. Það eru einhver fyrirtæki að flytja inn textíl en þar eru ekki textílmenntaðir einstaklingar og þeir geta hvorki talað um efnið né tæknina.“

Heimilisvörulína Scintilla er þegar komin inn í hátt í fimmtán verslanir í Norður-Ameríku, að sögn Lindu. „Það er vara sem telst vera í norrænum stíl, sem telst vinsælt úti um allan heim. Við höfum komið henni á framfæri með því að taka þátt í vörusýningu í New York sem heitir New York Now. Í janúar verðum við á henni í sjötta skiptið. Markmiðið er að búa til okkar eigin stíl þannig að við eigum okkar eigin hugverk þegar kemur að stíl. Það er engin vörulína sem lítur út eins og okkar. Við erum líka með umboðsmenn í Þýskalandi og Bretlandi, þar sem við höfum líka náð ágætis árangri í ár.“

Linda segir að verkefnið sem Scintilla sækir sér hóp fjármögnun út af snúist um mynstur. „Við sjáum fyrir okkur að Scintilla muni færa sig úr textíl yfir í jarðvörur á borð við ilmkerti. Núna erum við að fást við spegla, en þetta er meira stílyfirlýsing.“



Óperuhúsið í Sydney

Óperuhúsið er 183 metra langt, mesta breidd þess er 120 metrar og hæðin 67 metrar. Flísarnar sem þekja ytra byrði hússins eru frá Höganäs í Svíþjóð, rúmlega milljón talsins. Húsið hvílir á 588 steinsúlum sem ná 25 metra niður fyrir sjávarmál.



Ein þekktasta bygging heims fertug

DANMÖRK

Borgþór Arngrímsson



Deildu með umheiminum

I síðasta mánuði eru 40 ár síðan Óperuhúsið í Sydney í Ástralíu var tekið í notkun. Daninn Jørn Utzon hafði orðið hlutskarpastur 233 arkitekta í samkeppni um Óperuhúsið, sem fram fór 1955. Samvinna hans og ástralskra stjórnámamanna meðan á byggingu hússins stóð var ekki dans á rósum og Utzon var nánast gerður útlægur frá Ástralíu áður en verkinu lauk. Óperuhúsið er í hópi þekktustu bygginga heims og er, ásamt kengúrunni, tákn Ástralíu og í raun kennileiti heillar heimsálfu.

„Á efri árum hlaut Jørn Utzon margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín en Óperuhúsið er langþekktasta verk hans; talið meðal merkustu bygginga í heiminum frá 20. öld og er á heimsminjaskrá UNESCO.“

Ákveðið að byggja tónlistarhús

Seint á fimmta áratug síðustu aldar hreyfði Eugen Goossens, rektor Tónlistarakademíu Nýja Suður-Wales og stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Sydney, þeirri hugmynd að byggt yrði stórt tónlistarhús í borginni. Nokkrum árum síðar, 1954, var tekin ákvörðun um að byggja slíkt hús og það skyldi rísa á gamalli uppfyllingu við höfnina. Á uppfyllingunni stóð áður virki en á þessum tíma var þar geymsluskemma fyrir sporvagna.

Í september 1955 var auglýst samkeppni um útlit og hönnun hússins. Gert var ráð fyrir tveimur sölum, öðrum með 3.000 sætum en hinn skyldi rúma 1.200 gesti. Auk þess áttu að vera einn eða tveir litlir salir fyrir 3-400 manns. 233 tillögur arkitekta frá 32 löndum bárust og voru margir þekktustu arkitektar þess tíma í þeim hópi. Sigurvegarinn var tiltölulega lítt þekktur, tæplega fertugur danskur arkitekt.

Jørn Utzon (1918–2008) lauk prófi í arkitektúr frá Konunglegu Listaakademíunni í Kaupmannahöfn árið 1942. Að námi loknu vann hann á stofu Gunnars Asplund um nokkurra ára skeið. Asplund var þá látinn en á stofunni, sem var ein virtasta arkitektastofa Svíþjóðar á þeim tíma, störfuðu meðal annarra þeir Arne Jacobsen og Poul Henningsen, sem báðir höfðu flúið frá heimalandinu Danmörku á stríðsárunum. Jørn Utzon vann síðar einnig um tíma á teiknistofu Alvars Aalto í Helsinki og árunum eftir stríð ferðaðist hann víða um heim en opnaði árið 1950 eigin teiknistofu í Kaupmannahöfn.

Hugmyndir sem áttu sér enga hliðstæðu

Þegar samkeppnin um tónlistar- og óperuhús í Sydney var auglýst árið 1955 ákvað Utzon að senda inn tillögu. Teikningar hans voru þó lítið annað en skissur og skorti alla nánari útfærslu. Þær vöktu strax athygli og dómnefndin valdi tillögu hans. Einn dómnefndarmanna sagði í viðtali, eftir að úrslitin í samkeppninni voru tilkynnt, að sér hefði strax orðið ljóst að þær hugmyndir sem arkitektinn hefði sett á blað ættu sér enga hliðstæðu og hús sem byggt yrði eftir þeim myndi vekja heimsathygli. Hann reyndist sannspár.

Friðrik og Mary
Samband Danmerkur og
Ástralíu styrktist til muna þegar
Friðrik krónprins kvæntist hinni
áströlsku Mary Donaldson. Hér
sjást þau spásæra við Óperu-
húsið í Sydney.





Bagsværd-kirkjan

Meðal verka Jørns Utzon má nefna kirkjuna í Bagsværd á Sjálandi, Paustian-húsgagnaverzlunina í Kaupmannahöfn, Þinghúsið í Kúvæt, Náttúrusögusafnið Skagen á Jótlandi og Melli-bankann í Teheran.

Forsætisráðherra Nýja Suður-Wales, Joseph Cahill, lagði mikla áherslu á að hefja byggingu hússins sem fyrst, þar sem hann óttaðist að stuðningur stjórnámálanna og almennings myndi dvína ef langur tími liði áður en framkvæmdir hæfust. Mikil harka var í pólitíkinni í Ástralíu á þessum árum og Cahill taldi að andstæðingar sínir myndu bregða fæti fyrir byggingu Óperuhússins ef þeir gætu. Jarðvegsframkvæmdir hófust í mars 1958 og ári síðar var byrjað á sjálfri byggingunni. Fljótlega kom í ljós að tillaga Jørns Utzon var flókin í framkvæmd. Miklum erfiðleikum olli að súlurnar sem áttu að bera húsið uppi, segllaga skeljarnar fjórtán,

reyndust ekki nógu traustar og af þeim sökum varð að endurgera þær. Ekki hafði verkfræðingum heldur tekist að leysa tæknileg vandamál sem tengdust hússkeljunum og að lokum var það Jørn Utzon sjálfur sem uppgövaði þá tækni sem til þurfti. „Þetta tengist allt appelsínunum, ég var að taka í sundur appelsínu þegar ég fékk hugmyndina að útliti hússins og líka þegar tæknin til að byggja ytra byrði hússins laukst upp fyrir mér,“ sagði hann síðar í viðtali.

Í þingkosningum 1965 urðu stjórnarskipti í Nýja Suður-Wales, en Robert Askin sem þá varð forsætisráðherra hafði alla tíð haft miklar efasemdir um Óperuhúsið og ráðherra opinberra framkvæmda var mjög andsnúinn Utzon. Svo fór að Utzon hætti allri vinnu við Óperuhúsið árið 1966 vegna deilna við stjórnámálameinnina, en kostnaðurinn var þá orðinn meiri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Utzon fór í fússi, hét því að koma aldrei aftur til Ástralíu og settist að á Mallorca.

Framkvæmdirnar stöðvuðust um hríð en arkitektar sem ekki voru á vegum Utzons voru fengnir til að hanna og skipuleggja húsið að innan. Kostnaðurinn við að innrétta húsið reyndist mjög hár og sérfræðingar reiknuðu síðar út að verkið hefði orðið mun ódýrara ef áætlunum Utzons hefði verið fylgt.



Utzon ekki boðið

Hinn 20. október 1973 var húsið tekið í notkun við hátíðlega athöfn, en það gerði Elísabet II (Englandsdrottning), þjóðhöfðingi Ástrala. Jørn Utzon var ekki boðið að vera viðstaddur og þess var vandlega gætt að nafn hans yrði ekki nefnt við opunarathöfnina. Breskur ráðherra sem var viðstaddur sagði síðar „að utan er húsið listaverk sem á sér enga hliðstæðu en að innan er það eins og ómerkileg diskóbúlla“. Síðar báðu stjórnvöld í Nýja Suður-Wales Jørn Utzon afsökunar og sæmdu hann sérstakri heiðursorðu. Honum var jafnframt boðið að koma til Sydney og hafa yfirumsjón með breytingum innandyra en þá hafði verið ákveðið að fara að hugmyndum hans varðandi innra skipulag hússins. Jørn Utzon þáði ekki boðið um að koma aftur til Sydney og sá því aldrei þetta verk, sem skóp honum heimsfrægð, fullgert. Hann bjó til æviloka á Mallorca með konu sinni Lis og eignuðust þau tvo syni sem báðir eru arkitektar og eina dóttur sem er þekktur hönnuður.

Á efri árum hlaut Jørn Utzon margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín en Óperuhúsið er langþekktasta verk hans; talið meðal merkustu bygginga í heiminum frá 20. öld og er á heimsminjaskrá UNESCO.

Í upphafi var gert ráð fyrir því að í húsinu yrðu tveir salir, auk eins eða tveggja minni. Í dag eru í húsinu sex salir sem samtals rúma tæplega sex þúsund manns. Í þeim stærsta eru 2.679 sæti og sá minnsti, sem ber nafn Utzons, hefur sæti fyrir 210 manns. Þótt þessi stóra tónlistarmiðstöð beri heitið Óperuhúsið í Sydney er starfsemin fjölbreytt. Þar hafa fast aðsetur, auk Sydney-óperunnar, Sinfóníuhljómsveit Sydneyborgar, Ástralski þjóðarballettinn og Sydney-leikflokkurinn. Árlega fara fram í húsinu nær tvö þúsund viðburðir, stórir og smáir, og á síðasta ári sóttu um tvær milljónir gesta þessa viðburði. Árlega fara um 300 þúsund manns í skipulagðar skoðunarferðir um húsið og hátt í átta milljónir manna komu í fyrra á svæðið þar sem Óperuhúsið stendur.



Jól bragðlaukanna hefjast 20. nóvember á Sjávargrillinu

Jólagrillpartí Sjávargrillsins - Harður pakki fullur af mykt, fjöllaga góðgæti sem skilar hinni sönnu upplifun yls, friðar og allsnæga. Afgreitt fyrir borðið í heild. Verð 8.700 á mann.

Sælkerapakkinn Sjávargrillsins - fjöggra rétta hátíðarblanda fjölbreytileika og ferskra hugmynda í bland við hefð. 7.900 á mann.

Litlujólín - í hádeginu eru litlujólín sem reyndar eru fullvaxin briggja rétta jólaveista, forréttur er jólaplatti aðalréttur, kjöt- eða fiskitvenna og í eftirrétt, ris ala mandé með heltri karamellusósu með jólabragði.

Fílubomba og fínmeti - Skótuilmurinn liðast upp eftir Skólavörðustígnum á Þorláksmessu 11:30 til 16:00 Verð 4.900 á mann
Pantið tímanlega, nú þegar farið að þéttast í árlega Skótuveislu Sjávargrillsins.



20  11


SJÁVARGRILLIÐ

— SEAFOOD GRILL —


14

SKÓLAVÖRÐURSTÍGUR 14 • 101 Reykjavík
www.sjavargrillid.is • Sími 571 1100

Opnunartími yfir hátíðarnar.
23. des 11:30-16:00 & frá 17:00
24. & 25. des lokað 26. des frá 17:00
31. des 11:30-16:00 & frá 17:00 1. jan frá 17:00



PER: SEGULSVIÐ
TÓNLIST FYRIR HANA



PER: SEGULSVIÐ

SMIÐUR
FINNUR
LÚÐUR



Per: Segulsvið stoppar upp hana

TÓNLIST/
BÓKMENNTIR



Deildu með umheiminum



Smelltu til að heim-
sækja vefsíðu Per:
Segulsvið

Það hefur verið í nógu að snúast hjá nýaldarhljómsveitinni Per: Segulsvið undanfarið. Í liðinni viku gaf hún út bæði plötu og bók. Meðlimir sveitarinnar, sem eru þrír, segjast búa saman í litlu húsi á Kársnesi. Þeir segjast líka vera að taka slátur, og vera upp að olnboga í blóði og mör, þegar Kjarninn heyrir í þeim hljóðið.

„Þetta hefur verið árleg venja hjá okkur félögunum á haustin,“ segir Ólafur Jósefsson meðan hann sníðir niður vambir af einbeitingu. Að hans sögn treður Árni Þór Árnason í keppina og Svanur Magnús saumar fyrir. Þeir eru sem einn maður í sláturgerðinni og handtökin fumlaus, segir Ólafur.

Tónlist fyrir hana

Að sögn þeirra er stofan hjá þeim er full af uppstoppuðum smádýrum og fuglum. Ólafur segist vera sérstakur áhuga- maður um þá iðju. „Maður er alltaf eitthvað að uppstoppa. Síðast stoppaði ég upp hana. Við erum með hænsn í skúrnum hérna fyrir utan og ég hef lengi hlakkað til að stoppa þennan upp.“

Nýjasta plata Per: Segulsvið heitir einmitt [Tónlist fyrir hana](#). Spurðir hvort platan sé tileinkuð uppstoppaða hananum þá játa meðlimir sveitarinnar því. „Þetta var úrvals hani,“ segir Árni. Hinir kinka kalli. „Hann tengir plötuna saman, þessi hani. Hann er einfaldlega rauði þráðurinn í gegnum hana ef svo má segja.“

Samnorræn vinátta og lagerstarfsmaður

Efnistöð Per: Segulsvið á plötunni eru þó ansi margbreytileg og snúast alls ekki einvörðungu um hana. Þar er að finna lög sem fjalla um samnorræna vináttu, dag í lífi lagerstarfs- manns og innrás Hitlers í Munaðarnes – svo nokkur dæmi séu nefnd, sem hafa litla eða enga tengingu við hænsnfugla.

Fyrir utan að búa til tónlist segjast þremmenningarnir vera ötulir grænmetisræktendur, með sérstaka áherslu á brokkólí. „Við höfum ræktað allan fjárann gegnum tíðina, hvítkál, rófur og kartöflur, en í dag ræktum við bara spergilkál,“ segir Svanur Magnús. „Hann Óli kynntist því fyrst þegar hann var að vinna í skólagörðunum í Breiðholtinu og hann kynnti það fyrir okkur hinum.“

„Það er hægt að elda það á svo fjölbreytilegan máta,“ segir Árni. „Það má gufusjóða það, steikja það eða búa til úr því spergilmús. Þetta er einfaldlega frábært hráefni,“ bætir hann við.

Í framhaldi af ræktunarmræðum berst talið að barna- bókinni [Smiður finnur lúður](#), sem hljómsveitin gaf út í liðinni viku. Meðlimir vilja lítið tjá sig um innihald hennar og segja Svan Magnús einfaldlega alltaf hafa langað til að skrifa barnabók. „Hann var mikið að lesa Rauðu seríuna á tímabili,“ segir Ólafur. **psj**

Bros í berkinum

É g verð alltaf þínu hátíðlegur í umgengni við ljóð. Og stórefast um að það sé neitt athugasvert við það.

Af hverju les maður ljóð?
Af hverju les maður ekki ljóð?

Allt af hverju les maður ekki meira af ljóðum, þótt það sé alltaf á stefnuskránni?

Að sumu leyti ættu ljóð að vera í mikilli sókn á markaðnum en ekki í sífellðri tilvistarkreppu. Skammtastærðin er til dæmis mjög hentug fyrir okkar hraðsoðna lífsstíl, hvort sem miðað er við einstök ljóð eða heilu bækurnar sem sjaldan eru doðrantar.

Svo er það hollustan. Fólk er held ég almennt sammála um að ljóð séu góð fyrir sálina. Meira að segja hatursmenn þeirra held ég. Sú afstaða er skyld þeirri að finnast lýsi ógeðslegt, án þess að draga gagnsemi þess fyrir heilsuna í efa.

Eða hvenær lásuð þið söðast ljóðabók og sögðuð við einhvern: Nei, ég myndi ekkert vera að eyða tíma í þetta.

Hvað er það við ljóð sem setur þau á þennan stall í huga okkar? Er það ekki skárri spurning en hin þvælda og þvælna deila um hvað ljóð er, hvað er ljóð, en þó einkum hvað er ekki ljóð?

Formbyltingin er auðvitað löngu orðin, enginn efast lengur um að ljóð þurfi ekki að ríma eða stuðla. Engu að síður þyrstir okkur í skilgreiningar. Hvernig er hægt að úthýsa óverðugum úr ljóðheimum?

Ein léttúðug uppástunga: Ljóð er sá knappi texti sem kveikir bros í huganum. Hér er ég auðvitað að vísa í hina miklu biblíu „A Smile in the Mind“ sem Beryl McAlhone skrifaði og er til dæmis til á öllum auglýsingastofum. Þótt þar sé graffísk hönnun í forgrunni er merkilega stutt skref í að krefjast þess sama af ljóðskáldunum.

EKKI verri rannsóknartilgáta en hver önnur.

Dæmi um hugarbroso eru nokkur ljóð í Reykjavíkurljóðasafni Meðgönguljóða, Ljóð í leiðinni. Hver getur annað en gláðst þegar Bragi Ólafsson bendir á að

„... gatan sem liggur inn í hringtorgið
er ekki í laginu eins og spurningarmerki
að ástæðulausu.“

Þetta er sérlega fjölbreytt og skemmtilegt safn af myndum af Reykjavík, settum fram í hinu núorðið auðþekktu formi nútímaljóðsins. Allir geta notið þessa og minnst þess að vel valið orð segir meira en þúsund orð. Og þarf ekki Tómas Guðmundsson til.

Halla Margrét Jóhannesdóttir á ekki ljóð í Reykjavíkurbókinni en ætti þar vel heima. Vinnur í þessu opna formi nútímaljóðsins og gerir margt mjög fallega í bókinni sinni, 48:

Mynd 3

Þarna er ég að útskrifast sem íþróttakennari. Með mér á myndinni eru þabbi og Ása systir. Ása er nýkomin úr aðgerð á fæti svo hún var í gífsi, en það sést ekki á myndinni. Þabbi var bæði með ventilloku í hjartanu og gangráð í öxlinni, en hvorugt sést. Á þessum tíma var ég með æðisleg Brendel gleraugu en þau sjást ekki á myndinni því þarna er ég með linsur, þær sjást heldur ekki. En íslenski fáninn sést. Allavega í glugganum.

Svona texti sem, af því að þetta er ljóðabók, setur mann í stellingar til að kafa, rýna, hugsu. Sem er bara mjög fint. Mér finnst Halla Margrét fundvís á þá staði þar sem tungumálið afvegaleiðir vanahugsun á skapandi hátt. Stundum treystir hún kannski um of á vilja okkar til að gera sjálf. Ætlast til að ljóðrænan, hugsunin, snilldin, komi frá lesandanum. Bókin er þínu rýr. En stundum gefur hún hann svo sannarlega góðan:

Morgunverk 2

Kynlíf = ylfíkn

A smile in the mind.

Njörður P. Njarðvík tók sig til og þýddi heildarljóðasafn Nóbelsverðlaunaskáldsins sænska, Tomas Tranströmer. Það er ekkert smá.

Það þýðir ekkert að kvarta yfir að sænska Akadémían hafi ákveðið að veita landa sínum verðlaunin 2011. Fyrir utan þetta venjulega kvart að hvert ár sem þau sniðgangi Dylan bjóði hettunni heim að hann smjúgi þeim úr greipum og hrökkvi upp af, sá háli áll.

Það er ekkert auðvelt að segja hvað er svona magnað við skáldskap þessa sænska sálfræðings. Við fyrstu sýn og frumlestur er þetta mest ort undir algengasta bragarhætti nútímaskálda. Hversdagslegt atvik, eitthvað sem ber fyrir augu eða eyru, vekur minningu, setur af stað hugsun – leiðir til vangaveltna og jafnvel ályktunar um lífið og heiminn og skáldið.

Hljómar banalt en er það ekki. Ekki frekar en formúlan fyrir sléttuböndum rúmar hughrifin sem svoleiðis virtúósiteit vekur.

Hér er dæmi, nokkurn veginn af handahófi:

Morgunfluglar

Ég vek bílinn
með framrúðuna stráða frjódufti.
Ég set upp sólgleraugu.
Fuglasöngurinn dökkarnar.

Meðan annar maður kaupir sér blað
á járnbrautarstöðinni
í námunda við flutningavagn
kolraðan af ryði
sem titrar í tibránni.

Hvergi neitt tómarúm hér.
Þvert í gegnum vorhitann köld göng
þar sem einhver kemur með ódagoti
og segist hafa verið baktalaður
alla leið upp í yfirstjórnina.

Um bakdyr í landslaginu
kemur skjórin
svartur og hvítur. Fugl heljar.
Og svartbrósturinn skýst fram og aftur
uns allt verður ein svartkrítarmynd
nema hvíti þvotturinn á snúrunni:
Palestrinakór.

Hvergi neitt tómarúm hér.

Stórkostlegt að finna ljóð sitt vaxa
og minnka jafnframt sjálfur.
Það stækkar, kemur í minn stað.
Það ýtir mér til hliðar.
Það fleygir mér út úr hreiðrinu.
Ljóðið er ort.

Mér finnst þetta magnað. Ég skil ekki allt – til dæmis ekki hvað barokktónskáldið ítalska, hann Palestrina, er að gera þarna. En af því að ég hef lesið Stephen King er myndin af skjóranum, „fugli heljar“, bæði alveg skýr og þrúngin merklingu. Og af því að ég er viss um að Tranströmer reiknaði ekki endilega með að áhangendur sínir hefðu lesið „The Dark Half“ veit ég að vísanirnar eru frjálsar – ég ræð hvað ég sækir í ljóðið. Hvað ég les í ljóðið. En það sem ég sækir í það er samt að finna í orðunum. Og ég finn að þetta er magnað.

Að sumu leyti þekkennir maður þýðandanum. Hann hefur þurft að skrúfa þetta allt í sundur, leysa upp víravirkið til að koma því milli mála. Njörður P. Njarðvík er sennilega fyrir vikið sá Íslendingur sem skilur Tomas Tranströmer best. En hverju hefur hann glatað? Njóta kynfræðingar kynlífs best? Eru flugvirkjar meðvitaðir um flugnautnina?

Ég giska á að enginn móðgisti þótt ég kalli Þorstein frá Hamri höfuðskáld Íslendinga núlifandi.

Nema mögulega hann.

Eitt af því sem Þorsteinn gerir ekki er að leika kúntir með tungumálið. Hann er ekki skáld orðaleikjanna, ekki að leita að möguleikum á að láta orðin gegna nýjum hlutverkum. Hugarbrosið er dýrkeyptara en svo. É sést þjó.

Hann yrkir hins vegar oft um hvað á milli sé slemt og hvað það eigi auðvelt með að afvegaleiða hugsun okkar, rugla tilfinningar okkar.

Það er ekki eitthvað að segja að Þorsteinn frá Hamri yrki undir skyldum bragarháttum og Tranströmer, þótt báðir séu þeir óbundnir af háttum.

Þaðna, stuðlana, sparlega notað rím. Yrkisefnin eru gjarnan öðrum þræði úr náttúrunni, þjóðsögum, sagnaarfnum. Tónninn er líka úr arfinum þótt efnið sé stundum heimspekilegt:

Þriggja bræðra bragur

Þeir kveða saman,
bræðurnir, meðan þeir bíða.

Einur leikur
vongleðin tær á tungu;

annar hlakkar
til einskis fyrr en hann
smakkar ...

Hætt mun ýmsu
þegar sá þriðji nálgast
með stefið,
klifhendi kvíðans.

Þetta virðist frekar einfalt. Auðvelt jafnvel. Ég gæti gert þetta. Á sama hátt og ég hef alltaf sett saman nothæfa feriskeytlu. Ég er samt ekki Páll Ólafsson. Og verð aldrei.

Rödd að utan

Þið,
innan við þilið.

Sofið áfram,
sofið.

Dveljið sem lengst í draumi,
leikjum hans, sumri og sátt.

Því myrkt er í mér, ég er bliðið
sem aðskilur alla: vakan,
gljúfrið, ófærugilið.

Mér finnst Þorsteinn frá Hamri frábær. Það er nú bara þannig.

Hnefi eða vitstola er ætti að vera einhvern veginn á jaðrinum að vera með í svona ljóðabókayfirliti. En hún er það ekki. Það er orðið algerlega hversdagslegt að svona textar, svona bækur, séu ljóð. Innihaldi ljóð. Svona tilraunakenndar og uppátækjasamar bækur, þar sem staðsetning orðanna á blaðsíðunni hefur fullt eins mikið að segja og orðin sjálf. Þar sem allt er undir.

Þetta er æðisleg bók, ort í æðiskasti yfir voðanum í íslensku samfélagi í hruninu miðu. Kannski hefur Eiríkur Örn Norðdahl fundið til skyldleika við ákvæðaskáldin fornu, hugsuð um Jón lærði sem fékkst við að kveða niður draugu, eða Bólu-Hjálmar sem var beðinn að yrkja Grímsey aðeins nær landi (var það annars ekki hann?).

Trúlega hefur hann samt aldrei trúð á í alvöru á möguleika sína til að hafa þannig áhrif á atburðarásina. Góðu heilli hefur það samt ekki þaggað niður í honum, stíflað hugkvæmnina og mælskuna. Mögulega bara gert hann enn brjáláðri:

157,64 ISK

X.

Ú T R Á S T

Ú T R Á S T

Ú T R Á S T

Ú T R Á S T

Ú T R Á S T

Ú T R Á S T

81,98 ISK

FORMÁLI: KREPPUSONNETTAN

IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!
OMG! OMG! OMG! OMG! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!
OMG! OMG! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!
OMG! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!

IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!
OMG! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!
OMG! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!
IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!

FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME!
FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT!
LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL!

FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME!
FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT!
LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL!

174,30 ISK

X.

Nafngengi

Lýsingargengi nútíðar

Lýsingargengi þátíðar

Viðtengingargengi

Framsöguengi

Boðgengi

BÆKUR


Þorgeir Tryggvason

I.


II.




III.



IV.



V.



VI.

Eiríkur Örn er ekki á jaðrinum, en þar er hins vegar ljóðakverið Árleysi alda eftir Bjarka Karlsson. Frá því að stríðið um atómskáldskapinn stóð sem hæst um árið hefur sönnunarbyrðin snúist um 180 gráður. Það eru hinir háttbundnu sem þurfa að réttlæta veru sína á skáldabeknum.

Það gerir Bjarki, greinilega meðvitaður um stöðuna. Í formála gerir hann grein fyrir því að hann muni jafnvel ganga svo langt að nota hástafi og greinarmerki! auk hinna hefðbundnu háttá sem svo mjög hafa látið undan síga í ljóðagerð síðustu, ja hundrað ár eða svo.

Þau undur og stórmerki gerðust síðan að ljóðin í Árleysi alda „rötuðu til sinna“ eins og skáldið sagði. Bókin trónir í toppsætum metsölulistanna og hefur verið endurprentuð í tvígang hið minnsta, sem er víst einsdæmi með ljóðabækur. Hvað er eiginlega að gerast?

Nærtækasta (og rétta) skýringin er auðvitað sú að bókin er alveg fáránlega skemmtileg. Hugmyndaauðgi, hnyttni og óstöðvandi hagamælska. Þetta gleður hvern mann. Ætli háttatalið sé ekki í uppáhaldi hjá mér. Þar sem Bjarki notar „Afi minn fór á honum Rauð“ sem efnivið í stælingar á stíl og kvæðum góðskálða frá Agli Skallagrímssyni til Megasar.

Hér er Davíð:

*Ég heyri gegnum svefninn
með hungurverk og sútt
– og hrekk alveg í kút –
en fatta að það er afi minn
sem er að fara út,
og þótt við séum snauð
hann setur hnakk á Rauð
að sækja í sárri nauð
suður á bæi sitt af hvoru
sykur jafnt sem brauð.*

Og Jón Helgason:

*Lít ég í dysjum líflaus bein
lotin af þrekuðum hræjum.
Gerðu sér veislu vargur og hrafn
veglega af úldnum tægjum,
saman við bæði sykur og brauð
seint að þeim rétti vér hlæjum
því sagt er að enn gangi afi minn
aftur þar suður á bæjum.*

Svona getur Bjarki haldið lengi áfram. Og gerir.

Aðeins tvennt getur hann ekki.

Eins og öðrum verulega flinkum skáldum sem taka sig smá alvarlega reynist honum ókleift að yrkja liprar limrur. Þær eru sumar býsna fyndnar hjá honum (enduryrking Bjarka á Höfuðlausn undir limruhætti er til dæmis sniðug) en alltaf aðeins of knosaðar, aðeins of „lærðar“. Ætli þetta sé ekki svipaður vandi og að Sinfóníuhljómsveitum er lífsins ómögulegt að „grúva“.

Já, og svo getur hann ekki verið alvarlegur. Eða kannski leyfir formið það hreinlega ekki. Bjarki reynir þó. Yrkir ljóð um hroðalegt glæpamál, eftirmæli um unga stúlku sem var fórnarlambið. En það virkar bara ekki. Það er mikilvægt að hann hafi reynt og sýnt okkur afraksturinn.

Niðurstaða: Ljóð eru snilld. Þau hrista okkur. Stundum úr hlátri, stundum úr vanagírnum, stundum til að vekja okkur, stundum í pirringi yfir því að skilja ekki hvor fjárin er þarna á ferðinni. Brosið í heilaberkinum er stundum fólkskvalaust, stundum kaldhæðið glott, stundum barna- eða bjánalegt. En mikið er nú hollt að brosa.

Af hverju les maður ekki ljóð?

Það er spurningin.

LG G2



FASSBENDER

CRUZ

DIAZ

BARDEM

PITT

A RIDLEY SCOTT FILM

THE COUNSELOR

SYNDIN ER VAL



SPILA SÝNISHORN

SMÁRA  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ

LAUGARÁR  BÍÓ

FRUMSÝND 15. NÓVEMBER


sena

Aðeins í iPad!

EINU SINNI VAR...

Þetta efni er aðeins aðgengilegt í iPad-útgáfu Kjarnans

Stofnun
Kjarnans
Höfnun

I GÆRMORGUN kl. 7.15 komu skipverjar á Ísleifi frá Vestmannaeyjum auga á neðansjávargos 3 sjómílur vestur frá Geirfluglaskeri. Hélt gosið í allan gærdag og þar til síðast frettist. Gys þarna á 65 faðma dýpi á Hrauninum og stendur gosmökkurinn 20 þús. fet upp í loftið eða 6 km., samkv. mælingum sem gerðar voru í gær af veðurstofunni, með radar á Keflavík og úr flugvélum. Þarna hefur myndast allt að 800 m. löng sprunga á hafsbotni og þeytir hún upp hrauni á tveim stöðum, en það er svo laust í sér að það er orðið að mestu að gjalli og ósku uppi í strökunum, en þó nokkuð stórar bombur í því. Svona hefst baksíðu-

Dularfulla glæpahvarfið

PISTILL

Stefán Eiríksson
Lögreglustjóri á
höfuðborgarsvæðinu



Síðustu vikur hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu staðið fyrir fundum víðs vegar á sínu starfssvæði með lykilmálum á hverju svæði. Þessir fundir hafa verið árviss viðburður undanfarnin ár, en á þeim er farið yfir stöðu mála á hverju svæði, þ.e. tíðni afbrota og umferðarslysa borið saman við undanfarnin ár og önnur sveitarfélög eða hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt eru kynntar á þessum fundum niðurstöður úr árlegri könnun sem gerð er meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu, en þar eru meðal annars lagðar fram spurningar um sýnileika lögreglunnar, aðgengi að henni og öryggistilfinningu fólks í sínu hverfi. Á fundunum eru þessi mál síðan rædd frekar og hlustað eftir ábendingum og tillögum frá fulltrúum skóla, foreldrafélaga, íbúasamtaka, félagsmálayfirvalda og annarra lykilaðila á hverjum stað. Til þess að gefa sem flestum tækifæri til að fylgjast með hafa þessir fundir verið sendir út í beinni útsendingu á netinu í gegnum samfélagsmiðla og þar er einnig hægt að skoða upptökur frá fundunum.

Ánægjuleg þróun á undanförunum árum

Á síðustu árum hefur tilkynntum brotum til lögreglu fækkað umtalsvert á flestum sviðum. Í síðustu samantekt lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á tölfræði má sjá að þjófnuðum hefur fækkað um 8% á þessu ári samanborið við sama tímabil í fyrra, innbrotum um 17%, eignaspjöllum um 6% og ofbeldisbrotum einnig fækkað lítillega. Umferðarslysum hefur aftur á móti fjölgað um 13% milli ára. Þessi þróun var hins vegar ekki að byrja á þessu ári heldur má sjá ef tölur ársins 2013 eru bornar saman við sama tímabil 2010-2012 að þjófnuðum hefur fækkað um 21%, innbrotum um 46%, eignaspjöllum um 24% og ofbeldisbrotum um 6%. Umferðarslysum hefur á þessum tíma fækkað um 2%.

Þessi merkilega þróun hefur ekki vakið mikla athygli fjölmiðla, öfugt við það þegar fréttir hafa borist af fjölgun afbrota á ákveðnum tíma eða svæðum. Stöku fréttir hafa verið fluttar af þessari þróun og þessum upplýsingum jafnvel verið mætt með tortryggni. Þetta geti ekki verið rétt enda sé allt hvort eð er að fara fjandans til.

Ekki bara hér á landi

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að þessar upplýsingar eru réttar og þetta á sér ekki bara stað hér á landi. Ítarleg umfjöllun var um málið síðla sumars í tímaritinu *The Economist* undir forsíðufyrirsögninni „The Curious Case of the Fall in Crime“. Þar var reynt að greina helstu ástæður þess að þessi þróun blasti við á flestum stöðum í hinum vestræna heimi. Ýmsar ástæður voru nefndar, m.a. á sviði félagsfræði og forvarna. Ein helsta ástæðan var hins vegar að mati greinarhöfunda betri og öflugri lögregla sem sinnti verkefnum sínum á grunni stefnumótunar og upplýsinga og væri sífellt færari vegna aukinnar menntunar og reynslu að

takast á við verkefni sín. Nefndar voru aðgerðir sem byggjast á greiningu á þeim stöðum þar sem búast má við fleiri brotum en annars staðar, svonefndir heitir reitir eða „hotspots“. Slíkar greiningar og aðgerðir í kjölfarið hafa ekki bara gefist vel í bandarískum stórborgum heldur víðast hvar. Einnig var fjallað um nýtingu tölfræðiupplýsinga við slíkar greiningar og stjórnun lögreglunnar á þeim grunni. Jafnframt voru tækniframfarir nefndar í þessu samhengi, þar á meðal DNA-greiningar, greiningar á farsímaupplýsingum og fleiri og betri öryggismyndavélar.

Önnur atriði skipta einnig miklu máli í þessu samhengi og snúa að ýmsum hlutum í samfélagsgerðinni. Þannig hefur neysla ungmenna dregist saman víðast hvar og betur er hugað að ýmsum félagslegum þáttum í umhverfinu. Bætt umgengni, reglubundið viðhald og fegurra umhverfi hefur jákvæð áhrif í þessu sambandi, samanber kenninguna um brotna gluggann (e. broken window theory). Tilkynningum um heimilisofbeldi hefur einnig fækkað verulega samkvæmt greininni og er það rakið til opinna umræðu um þau mál og afdráttarlausrar fordæmingar á slíkum brotum meðal almennings. Þá hefur meðvitund samfélagsins fyrir brotum almennt aukist og einstaklingar og fyrirtæki huga mun meira og betur en áður að eigin öryggi með öryggiskerfum, nágrannavörslu og ýmiss konar öryggisviðbúnaði öðrum í verslunum og fyrirtækjum. Slíkt gerir það að verkum að færri tækifæri gefast en ella til að fremja brot. Mikil fækkun hefur t.d. orðið víða á vopnuðum ránum, þar á meðal bankaránum, m.a. vegna margháttaðra öryggisráðstafana sem gerðar eru til að fyrirbyggja rán. Þá hefur bílaþjófnuðum fækkað mikið, sem meðal annars má rekja til þess að erfitt er og jafnvel ómögulegt að stela nýjustu gerðum bíla.

Brotum fækkar hins vegar ekki á öllum sviðum og eru kynferðisbrot nefnd sérstaklega í því samhengi, sem og vasaþjófnaður og búðahnúpl. Vasaþjófnaður þar sem hnúplað er dýrum snjallsímum er vandamál um allan heim og ekki er langt síðan lögregluvöld í New York kenndu Apple og snjallsímum þess um aukna tíðni þjófnaða í borginni.

Hvað á við hér á landi?

Framangreindar skýringar á fækkun afbrota eiga að mörgu leyti vel við þegar horft er til stöðu mála á höfuðborgarsvæðinu. Frá því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók til starfa í janúarbyrjun 2007 hefur mikil áhersla verið lögð á greiningu upplýsinga og stjórnun lögreglunnar á grunni þeirra upplýsinga. Þetta á við á öllum sviðum, hvort heldur sem horft er til innbrota eða umferðarslysa. Á grunni þessara upplýsinga hefur með markvissum hætti verið tekist á við hvert svið og eftir atvikum svæði fyrir sig, einmitt með það að markmiði að fækka brotum og auka þar með öryggi. Skipulagi var breytt til þess að undirstrika enn frekar áherslu á grenndarlöggæslu og forvarnastarf og til þess að auka jafnframt yfirsýn og ábyrgð stjórnenda á hverju svæði fyrir sig, bæði faglega og fjárhagslega. Þessar breytingar voru tilnefndar til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri árið 2011, en þá var árangurinn af þessu starfi þegar farinn að koma í ljós.

Annað verkefni sem tilnefnt var til nýsköpunarverðlauna sama ár miðaði að því að efla og auka eftirlit og eftirfylgni með virkum brotamönnum. Um var að ræða þverfaglega samvinnu sérfræðinga lögreglu, lögfræðinga, lögreglumanna og félagsfræðinga, sem fólst í greiningu á virkum brotamönnum og þeim úrræðum sem tiltæk voru fyrir hvern og einn þeirra. Markmiðið með þessu verkefni var að fækka afbrotum og beita fyrr og með virkari hætti þeim lagalegu úrræðum sem til staðar voru til að stöðva eins fljótt og kostur væri þá afbrotamenn sem virkastir væru á hverjum tíma. Árangur af þessari framkvæmd, sem verið hefur staðið yfir síðastliðin fjögur ár, hefur verið mikill eins og sjá má í nánari umfjöllun um verkefnið sem aðgengileg er á tengli hér til hliðar. Hugmyndafræði heitu reitanna á hér einmitt við, þó svo að sjónarhornið hér sé brotamennirnir sjálfir.

Ýmis önnur atriði skipta miklu máli þegar horft er til þátta sem skýrt geta fækkun afbrota hér á landi. Aukin samvinna lögreglu og lykilaðila í hverju hverfi og sveitarfélagi fyrir sig skiptir miklu máli, en slík samvinna er virk á mörgum sviðum. Hún hefur m.a. ýtt undir nágrannavörslu, sem víða er orðin öflug. Áhersla á einstaklingsbundnar forvarnir í náinni samvinnu við skóla, félagsmálayfirvöld og barnavernd hefur einnig skilað miklu, ekki síst þegar til lengri tíma er litið. Góður árangur í forvarnastarfi í grunn-skólum hefur skilað sér á því að siefelt færri ungmenni neyta áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna eins og nýlegar rannsóknir sýna og forvarnastarf í framhaldsskólum er sífellt að eflast.

Þyngri refsingar ekki áhrifavaldur

Lykillinn að þessum árangri hér á landi er í grundvallaratriðum sá sami og annars staðar. Þar skiptir mestu máli betri og skipulagðari löggæsla sem stýrt er á grunni upplýsinga, aukin menntun lögreglumanna, þekking og ný tækni, öflugt forvarnastarf og ýmsar félagslegar úrbætur í víðum skilningi þess orðs. Samvinna lykilaðila á þessu sviði skiptir í þessu sambandi miklu og undirstrikar til dæmis mikilvægi reglubundinna funda þeirra og lögreglu sem minnst var á hér í upphafi. Það er athyglisvert að lesa það í umfjöllun *The Economist* að þyngri refsingar hafi ekki áhrif í þessu samhengi og séu fremur til óþurftar heldur en hitt.

Ljóst er engu að síður að enn má gera betur á sviði löggæslu og brotamenn eru duglegir við að finna sér nýjan vettvang þegar þengir að þeim á einum stað. Þannig hafa brot af ýmsu tagi á netinu aukist, margvíslegar tilraunir eru gerðar á þeim vettvangi til að hafa fé af fólki og fleiri dæmi mætti nefna. Þessi brot eru í dag án efa vanmetin ef einungis er horft til tölfræðigagna lögreglu. Aukin aðkoma sjálfboda-liða að ýmiss konar eftirliti og starfi á vegum lögreglu hefur víða gefið góða raun, til dæmis í Bretlandi og Hollandi. Slíkt hefur gefið lögreglumönnum meiri tíma til að sinna því verkefni að upplýsa og fyrirbyggja glæpi. Á slíkt sjálfboda-liðastarf hefur lítið sem ekkert reynt hér á landi.


Lögreglan hefur að mínu mati átt stóran þátt í því að fækka afbrotum umtalsvert á liðnum árum og hætta er á því að sá mikli niðurskurður hafa hún þegar staðið frammi fyrir undanfarnin árum muni hafa áhrif á þennan árangur ef ekki verður brugðist við. Dregið hefur úr frumkvæðisvinnu á mörgum sviðum, sem hefur einmitt verið miklu í þessari góðu þróun sem nú blasir við. Stöðvun frekari niðurskurðar og aukin framlög til löggæslu sem boðuð eru á nýju ári eru því mikið fagnaðarefni og gefa okkur tækifæri til að viðhalda þessum góða árangri og gera enn betur.



Deildu með umheiminum



Smelltu til að lesa skýrslu um afbrotatölfræði LRH fyrir september síðastliðinn



Smelltu til að sjá upptökur af hverfafundum lögreglunnar

55 INNBROT LÆGSTA TALA Í EINUM MÁNUÐI

Hér má sjá frétt um afbrotatölfræði – þar er m.a. upplýst að innbrot á höfuðborgarsvæðinu voru 55 í september, sem er lægsta tala í einum mánuði sem mælst hefur í málaskrá lögreglu frá upphafi talningu á brotum.



Smelltu til að sjá fréttina

ÍTAREFNI

The Curious Case of the Fall in Crime

Leiðari The Economist
20. júlí 2013

Hvert hafa allir bófarnir farið?

Grein í The Economist

Breytingar á skipulagi löggæslu

Verkefni lögreglu sem tilnefnt var til nýsköpunarverðlauna 2011

Aðgerðir gegn virkum brotamönnum

Verkefni lögreglu sem tilnefnt var til nýsköpunarverðlauna 2011

Smelltu á fyrirsagnimar til að lesa ítarefnið



Niðurskurður og framtíð velferðar

ÁLIT

Indriði Þorláksson

Í þremur greinum, sem birtast í Kjarnanum í dag og næstu tvo fimmtudaga, verður fjallað um áhrif af niðurskurði ríkisútgjalda sem boðaður er í frumvarpi til fjárlaga. Í fyrstu greininni er vikið að efnahagslegum og fjárhagslegum áhrifum niðurskurðar. Önnur greinin er um niðurskurð og velferð og í þeirri þriðju er horft til framtíðar og stefna mörkuð.



I. Fjárlögin og framtíðin – efnahagsleg áhrif niðurskurðar

Í hugum sumra er niðurskurður opinberra útgjalda Kínalífselexír. Með honum á að lækna alla óáran í efnahagslífinu, draga úr eftirspurn á þensluárum, örva einkaneyslu og skapa rúm fyrir fjárfestingar á samdráttartímum og fleira. Flest er þetta klisjur. Áhrif af niðurskurði ríkisútgjalda ráðast af því hvað hann hittir fyrir og hverjar aðstæður eru hverju sinni. Hér á eftir verður reynt að lesa í áhrif af þeim niðurskurði sem boðaður er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014.

Ákvörðun opinberra útgjalda er eitt mikilvægasta verkefni stjórn mála í hverju samfélagi. Með henni er tekin afstaða til þess hvernig gæðum samfélagsins er varið, hversu mikið fer til sameiginlegra þarfa eins og þær eru skilgreindar í samfélaginu og hversu mikið fer til einkaneyslu. Þetta er flókið verkefni sem á sér ekki neina eina rétta lausn en er málamiðlun margvíslegra sjónarmiða og hagsmuna.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014 og langtímaáætlun til 2017

Langtímaáætlun fjárlagafrumvarpsins er lítt upplýsandi en af henni verður þó ráðið að boðaður er niðurskurður ríkisútgjalda næstu fjögur árin, sbr. eftirfarandi: „Í langtímaáætluninni (innsk. 2014–2017) er því á útgjaldahlið almennt ekki gert ráð fyrir magnaukningu í þróun útgjalda yfir tímabilið.“ (Langtímaáætlun kafli 3.4.1). Til viðbótar er gert ráð fyrir um 5 milljarða niðurskurði á ári til 2017. (Ib 3.4.2.). Þetta felur í sér að ekki verður unnt að bæta ástandið á þeim sviðum opinberrar þjónustu þar sem úrbætur eru óhjákvæmilegar og enn síður að mæta auknu álagi, t.d. vegna fjölgunar aldraðra og aukins álags af þeim sökum. Í heild má ætla að samdráttur ríkisútgjalda á áætlunartímabilinu verði ekki undir 3% af VLF, eða 50–60 milljarðar króna. Sá niðurskurður mun hafa mikil áhrif á opinbera þjónustu og áhrif hans á efnahagsframvindu og þjóðfélagsþróun geta orðið vond og langvarandi. Engin haldbær rök eru færð fyrir þessum áformum.

En hvað býr að baki slíkum fyrirætlunum? Ákvörðun um að skera niður ríkisútgjöld getur byggst á ýmsum forsendum og haft mismunandi markmið að leiðarljósi. Tilgangurinn getur verið sá að minnka samneyslu ef það er ríkjandi viðhorf að hún sé of mikil. Markmiðið getur verið að hagræða, þ.e. að veita óbreytta þjónustu með minni tilkostnaði. Ástæðan getur líka verið verið efnahagspólitísk, svo sem að draga úr þenslu í efnahagslífinu, eða fjármálaleg til að draga úr skuldsetningu ríkissjóðs. Þær síðarnefndu eru háðar ástandi efnahagsmála og í eðli sínu tímabundnar. Hvað af þessu ræður ferðinni nú?

Áhrif niðurskurðar á efnahagsmál

Naumhyggju í framlögum til velferðarmála o.fl. er rökstudd með tilvísun í afleita stöðu ríkissjóðs og þjóðarbúsins. Því mætti ætla að niðurskurðurinn væri tímabundin ráðstöfun en svo er ekki. Engar úrbætur eru fram undan, engin framtíðarsýn og engin fyrirbyggja. Reynt er að halda því fram að skera verði niður og um leið að lækka tekjur ríkissjóðs til þess að skapa það sem án rökstuðnings er ranglega kallað „viðspyrna“. Hallaus ríkissjóður með niðurskurði gjalda og tekna eins og stefnt er að í fjárlagafrumvarpinu er ekki viðspyrna fyrir efnahagslífið fremur en eyðimerkursandurinn í heimahögum teboðshreyfingarinnar.

Frá hruni hefur margt áunnist en björninn er ekki að fullu unninn. Atvinnuleysi er enn of mikið og framleiðslugeta samfélagsins ekki fullnýtt. Það eru gild fræðileg efnahagsleg rök gegn því að skera niður ríkisútgjöld þegar eftirspurn í hagkerfinu er veik. Vöxtur einkaneyslu hefur verið veikur og meðan svo er verður hagvöxtur einnig veikur. Því er efnahagslega óráðlegt að skera niður. Niðurskurður ríkisútgjalda mun draga úr eftirspurn, auka atvinnuleysi og draga úr hagvexti. Lækkun ríkisútgjalda um 1% af VLF á ári á mörgum næstu árum gæti dregið úr vexti VLF um 1–1,5% á ári, þ.e. tekjur í samfélaginu yrðu 20–30 milljörðum lægri en ella á ári hverju. Niðurskurðurinn mun því ekki aðeins gera endurreisn almannaþjónustu ómögulega heldur draga niður lífshæðir í landinu.

Skattalækkanir, töfrasproti teboðanna, vega lítið á móti samdráttaráhrifum niðurskurðar, einkum þegar um er að ræða skattalækkanir hjá hátekjufólki og fyrirtækjum. Lækkun auðlindagjalds í sjávarútvegi og niðurfelling auðlegðarskatts og orkuskatts mun ekki hafa nein veruleg áhrif á eftirspurn í hagkerfinu. Þau fáu prósent þjóðarinnar sem eru aðnjótandi þessara lækkana munu ekki auka neyslu á innlendra framleiðslu. Fjárfesting í fiskveiðum, meint en órókrétt afleiðing af lækkun veiðigjalda, myndi þótt raunhæf væri litlu bæta við verðmætasköpun í sjávarútvegi, sem til skamms tíma ræðst nær alfarið af kvóta og fiskverði á erlendum mörkuðum. Afnáam orkuskatts skilar sér að 80/100 til eigenda álvera og fjölgun álvera mun ekki skila neinum teljandi tekjum hér á landi um langa framtíð, ef þá nokkurn tíma. Viðspyrnukennning fjárlagafrumvarpsins er einfaldlega byggð á fólkskum forsendum. Með þessari pólitík er líklegt að í stað vaxtar muni efnahagslífið grafa sig niður í eyðimerkursand teboðspostulanna.

Ríkissjóður er skuldsettur. Þær skuldir ekki vegna þess að velferðarkerfið hafi verið of dýrt á fyrri árum. Skuldarnar eru vegna óráðsú bankanna og glámskyggni stjórnvalda í aðdraganda hrunsins. Þessar skuldir á ekki að leggja á almennig með frekari niðurskurði á opinberri þjónustu en hlífa þeim sem grætt hafa á hruninu. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs af þessum auknu skuldum verða 2–3% af VLF á næstu árum. Niðurskurður samneyslunnar hefur verið mikið meiri en sem því nemur. Tekist hefur að rétta ríkisbúskapinn svo af að vandalítið er að halda sjó án frekari niðurskurðar ef rétt er haldið á málum. Vissulega væri mikið unnið með því að lækka vaxtakostnað ríkissjóðs. Árangursríkast í því efni er að losna við krónuna sem gjaldmiðil og lækka þannig vaxtastig í landinu.

Hagræðing

Stórkarlalegar yfirlýsingar um milljarðatuga sparnað með „hagræðingu“ munu ekki ganga eftir. Til þess eru engin efni og líklegt er að boðuð stórmerki á þessum vettvangi verði niðurskurður þjónustu í felulitum. Opinberar stofnanir á Íslandi eru yfirleitt vel reknar og fara vel með fé. Á liðnum árum hafa þær tekið á sig niðurskurð og sinna nú fleiri verkefnum en áður fyrir minna fé. Allar staðreyndir um álag á þær, fækkun starfsmanna, lægri laun o.fl. benda til þess að hugmyndir um stórfelldan sparnað með svokallaðri hagræðingu séu byggðar á sandi.

Það er sjálfsgott og nauðsynlegt að beita aðhaldi í rekstri ríkisins. Því er best sinnt með stöðugu og virku eftirliti og faglegum athugunum á því hvað megi betur fara og hvar megi ná betri árangri eftir atvikum með sameiningu eða uppskiptingu stofnana eftir því hvernig verkefnum þeirra er háttáð. Slík vinnubrögð eru vænlegri til árangurs en krossferðir með lúðrablæstri og söng.

„Skattalækkanir, töfrasproti teboðanna, vega lítið á móti samdráttaráhrifum niðurskurðar, einkum þegar um er að ræða skattalækkanir hjá hátekjufólki og fyrirtækjum.“



Deildu með umheiminum



Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



**Sendu sms-ið barn
í númerið 1900**

til að styrkja neyðarstarf UNICEF um 1.900 krónur

Söfnunarreikningur

701-26-102040
kt. 481203-2950

unicef 



Sterling



Rannsókn á öðrum Sterling-viðskiptum hætt

Hannes Smárason ákærður fyrir fjárdrátt vegna milli-færslu sem framkvæmd var árið 2005.

DÓMSMÁL

Póður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is



Deildu með umheiminum

Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóri og stjórnarformaður FL Group, hefur verið ákærður fyrir fjárdrátt fyrir að láta milli-færa tæplega þrjú milljarða króna af banka-reikningi FL Group í útibúi Danske Bank í New York og inn á nýjan bankareikning FL Group hjá Kaupþingi í Lúxemborg sem Hannes hafði látið stofna fimm dögum áður. Samkvæmt sérstöku umboði hafði Hannes fullt og ótakmarkað umboð til ráðstöfunar á fjármunum félagsins á þeim bankareikningi.

Fjármunirnir voru sama dag færðir frá nýja banka-



Smelltu til að sjá umfjöllun
Kastljóss um málið frá
árinu 2009

reikningnum yfir á bankareikning Fons eignarhaldsfélags, í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar. Þar var fjárhæðinni skipt í danskar krónur og þær í kjölfarið lagðar inn á félagið Fred. Olsen & Co., þáverandi eiganda flugfélagsins Sterling Airlines. Milljarðarnir þrír mynduðu því stóran hluta af þeim fjórum milljörðum króna sem Fons greiddi fyrir kaup á Sterling á þessum tíma. Ragnhildur Geirsdóttir, þáverandi forstjóri FL Group, Sveinbjörn Indriðason, þáverandi fjármálastjóri FL Group, og öll stjórn FL Group utan Hannesar segja að þau hafi ekki haft hugmynd um þessi áform né hafi verið tekin ákvörðun um hana á vettvangi félagsins. FL Group var á þessum tíma almenningshlutafélag í eigu rúmlega fjögur þúsund aðila.



Hættur

Hinn 26. október var tilkynnt að Hannes Smárason hefði verið ráðinn forstjóri Nextcode, sem er að hluta til í eigu Decode. Þá sagðist Hannes ekki eiga von á því að verða ákærður. Tæpum tveimur vikum síðar sagði hann upp störfum í kjölfar ákærunnar.

Á meðal þeirra gagna sem liggja til grundvallar ákærinni eru gögn frá Lúxemborg sem sýna að fé FL Group hafi ratað inn á reikning Fons. Það fé var síðan notað til að kaupa Sterling. Þessara gagna var aflað með réttarbeiðni frá Lúxemborg og vegna þeirra

er Hannes aðallega ákærður fyrir fjárdrátt. Til vara er hann ákærður fyrir umboðssvik. Rannsókn á öðrum viðskiptum FL Group og tengdra aðila með Sterling, þar sem félagið var selt á tugi milljarða króna á milli tengdra aðila, hefur verið hætt.

Jón Ásgeir og Hannes í ábyrgðum samkvæmt ákæru
Í ákærinni stendur: „Sakargögn benda til þess að ákærði hafi haldið umræddri millifærslu leyndri fyrir stjórnendum og stjórn FL Group, en aðrir en ákærði höfðu ekki aðgang að bankareikningi FL Group hjá KBL fyrr en 28. júní 2005 þegar



Tímalína atburða í Sterling/NTH fléttunni

12.-14. mars 2005

Fons kaupir Sterling á fjóra milljarða króna. Á sama tíma voru þrjár milljarðar króna millifærðir frá FL Group inn á reikning í Kaupþingi í Lúxemborg. Peningarnir fóru út af reikningnum og komu ekki aftur inn á hann fyrr en í júlí sama ár, um fjórum mánuðum síðar.

1. júlí 2005

Fons eignast Maersk Air og innlimar flugfélagið. Kaupverðið var ekki gefið upp en í fjölmiðlum kom fram að það var ekki talið vera nokkurt. Félögin töpuðu enda samtals um átta milljörðum króna á árinu 2005.

16. október 2005

Hannes Smárason, sem þá var nýlega orðinn forstjóri FL Group, og Pálmi Haraldsson, aðaleigandi Fons, ganga frá kaupum FL Group á Sterling fyrir 15 milljarða króna. Söluhagnaður Fons af því að eiga Sterling og Maersk, sem töpuðu milljörðum króna á þessum tíma, varð því 11 milljarðar króna á um hálfu ári.

Fyrsti ársfjórðui 2006

Sterling tapar rúu tveimur milljörðu króna.

Einar Sigurðsson veitti Sveinbirni Indriðasyni, þáverandi fjármálastjóra FL Group, heimild til að fá aðgang að öllum bankareikningum FL Group hjá KBL.

Það var ekki fyrr en eftir þrýsting, meðal annars frá þáverandi forstjóra félagsins, að fjármunirnir skiluðu sér aftur á reikning FL Group í Kaupþingi banka hf. 30. júní 2005, eða rúmum tveimur mánuðum eftir brot ákærða samkvæmt ákæru. Fyrir þann tíma hafði millifærslan ekki verið færð í bókhald félagsins. Þann dag hafði KBL veitt Fons til að greiða umrædda fjármuni til baka til FL Group og gegnust ákærði og Jón Ásgeir Jóhannesson í persónulegar ábyrgðir fyrir endurgreiðslu lánsfjárhæðarinnar. Ekki verður séð að ákærði hafi á þeim tíma eða öðrum haft nokkur formleg tengsl við starfsemi Fons.“

Hannes Smárason sendi frá sér yfirlýsingu þegar greint var frá ákærunni. Hann hafnar þeim sakargiftum sem á hann

VIÐTAL VIÐ HANNES SMÁRASON Í KASTLJÓSI 23. OKTÓBER 2005

Jóhanna Vilhjálmstöddottir: Hvað með sögusagnir um það að þú hafir án heimildar stjórnar tekið þrjá milljarða og millifært þrjá milljarða út úr fyrirtækinu á reikning úti í bæ. Ragnhildur [Geirsdóttir, þáverandi forstjóri FL Group] á sínum tíma á að hafa gert athugasemd við þetta...

Hannes Smárason: Þetta er bara þvæla

SÍÐAR Í VIÐTALINU:

JV: Talandi um kaupin á Sterling, þetta er félag sem Pálmi Haraldsson í Fons keypti ekki fyrir löngu síðan á fjóra milljarða. Hann er núna að selja ykkur þetta inn í FL Group á 15 milljarða króna. Hvernig geturðu útskýrt þennan stóra mun á þessum stutta tíma?

HS: Í fyrsta lagi þá veit ég nú að hann keypti félagið á miklu hærri tölu heldur en fjóra milljarða.

SÍÐAR Í VIÐTALINU:

Sigmar Guðmundsson: Lagði FL Group einhverja peninga inn í það þegar Fons keypti Sterling?

HS: Nei, alls ekki.

SG: En þú sjálfur?

HS: Nei, alls ekki.

SG: En félög eða fyrirtæki þér tengd?

HS: Neineinei, alls ekki.

Samkvæmt heimildum Kjarnans varð Hannes afar reiður þáttarstjórnendum eftir að slökkt var á myndavélunum. Hann taldi sig ekki hafa komið í viðtal til að ræða hluti á þessum forsendum og lýsti þeirri óánægju með miklum látum.

k

Smelltu til að skoða hundruð blaðsíðna af gögnum og tölvupóstum sem gerð voru upptæk í húsleit í höfuðstöðvum FL Group í nóvember 2008

eru bornar og segir ákærana „undurfurðulega“. Jón Ásgeir Jóhannesson sagði í bréfi sem hann sendi mbl.is að hann hefði aldrei verið í „ábyrgð fyrir FL Group hf. eða Hannes Smárason vegna viðskipta með Sterling“. Í ákærinni er hann reyndar ekki vændur um að hafa verið í ábyrgð fyrir FL Group eða Hannes Smárason, heldur Fons. Kjarninn sendi fyrirspurn á Jón Ásgeir um málið sem hann svaraði ekki.

Hundruð blaðsíðna af gögnum úr húsleit birt

Kjarninn sagði frá því í útgáfu sinni sem kom út 10. október síðastliðinn að rannsókn Sterling-málsins væri lokið og ákvörðun um ákæru væri yfirvofandi. Samhliða voru birtar fleiri hundruð blaðsíður af gögnum sem haldlögð voru í húsleit hjá FL Group í nóvember 2008 og höfðu aldrei birst áður. Á meðal gagnanna voru tölvupóstsamskipti þeirra sem skipulögðu itrekuð viðskipti með Sterling.

Þar kom fram að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, sem þá sá um rannsókn á meintum fjármálaglæpum, hefði byrjað að rannsaka millifærsluna, kaup FL Group á Sterling á 15 milljarða króna í október 2005 og sölu Sterling inn í



Smelltu til að lesa
ákæruna á hendur
Hannesi Smárasyni

félagið Northern Travel Holding í lok árs 2006 á 20 milljarða króna á árinu 2008. Þetta gerðist í kjölfar mikillar fjölmiðla-umfjöllunar um málin, enda þótti tortryggilegt að flugfélag sem gerði ekkert annað en að tapa peningum yxi alltaf í verði þegar það var selt á milli tengdra félaga.

Skömmu eftir að embætti sérstaks saksóknara var stofnað var efnahagsbrotadeildinni rennt inn í það. Með fylgdu öll þau mál sem þar höfðu verið til rannsókna. Þar á meðal var Sterling-rannsóknin, sem hafði þá verið takmörkuð við milli-færsluna. Búið var að taka ákvörðun um þetta þegar málið fluttist yfir.

Hjá sérstökum saksóknara var þó ákveðið að opna málið að nýju og sækjast eftir gögnum frá Lúxemborg sem gátu sýnt fram á hvert peningarnir sem lagðir voru inn á reikning Kaupþings í Lúxemborg runnu. Þau gögn fengust á þessu ári og sýndu að féð hefði runnið til Fons, sem hefði síðan notað það til að greiða fyrir Sterling. Vegna þessara gagna er Hannes ákærður fyrir fjárdrátt, ekki umboðssvik.

Fíkniefni hafa áhrif á skuldir heimila

DÓMSMÁL

Katrín Oddsdóttir
Héraðsdómslögmaður



Fyrirgefni mér. Ég laug. Fyrirsögnin þessa pistils hefur ekkert með innihald hans að gera. Hún er aumkunarverð tilraun til að fá lesendur til þess að veita því sem á eftir kemur athygli. Ástæða þessarar örvæntingarfullu blekkingar er sú að höfundur gerir sér grein fyrir að orðið „áfrýjunarleyfi“ verður seint til þess fallið að draga hungruð augu lesenda

Kjarnans að því máli sem þó er mikilvægt að fjalla um.

Orðið „réttarríki“ yrði kannski betur til þess fallið að heilla en ef þið eruð enn að lesa þá er tilganginum svo sem náð. Réttarríki er fallett orð. Rétt eins og „lýðræði“ sem enginn myndi þora að hallmæla. Nær allir virðast sammála um að við ættum virða og verja réttarríkið okkar. En hvað þýðir þetta orð? Hugtakið er í raun draumsýn þar sem deilur manna eru leystar með friðsamlegum úrlausnum hlutlausra aðila á borð við dómstóla. Án réttarríkis er frumskógarlög málið alls ráðandi. Dæmi: maður skilar ekki vídeospólu. Eigandi vídeóleigu fer heim til mannsins, brýst inn og tekur spóluna og lemur manninn í hausinn með spólunni í hegningarskyni. Það sem á eftir kemur er í raun treilerinn úr Njálu, þar sem dóttir mannsins sem leigði spóluna kveikir í ruslageymslunni í blokkinni hjá eiganda vídeóleigunnar, sem verður til þess að gamli karlinn í annarri hæð til vinstri ákveður að skera á dekkinn á þrihjólí bróðursonar íkveikjukonunnar o.s.frv. Sem sagt: ekki gott!

Til þess að réttarríkið gangi upp setjum við meginreglur sem virða skal án undantekninga. Þetta eru reglur á borð við jafnræði málsaðila, sönnunarreglur og málshraðareglur. Þessar meginreglur móta viðhorf réttarins og hafa leiðbeiningargildi við lögskýringar. Þær eru einnig mikilvægur vegvísir í löggjafarstarfi.

Reglan um jafnræði málsaðila er falleg mjög. Hún segir okkur að allir skuli jafnir að lögum og fyrir dómi. Þessa grunnreglu íslensks réttar má t.d. finna í 65. gr. stjórnarskrár sem segir:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. Reglan um jafnræði málsaðila gildir um alla þætti reksturs einkamáls, svo sem um meðferð skjala, skýrslutökur og flutning máls fyrir dómi.“

Nú erum við að nálgast það sem mig langar að fjalla um í þessum pistli. Önnur grundvallarregla réttarríkisins er reglan um réttláta málsmeðferð. Sú regla er talin fela í sér rétt til að fá niðurstöðu lægra dómvalds endurskoðaða fyrir æðri dómstóli. Því hlutverki gegnir Hæstiréttur Íslands, sem fer yfir þá dóma héraðsdómstóla sem er áfrýjað og athugar hvort ástæða sé til að senda málin aftur þangað til frekari vinnslu, til dæmis vegna formgalla. Ef ekki er ákveðið að vísa málum heim í hérað er tekin efnisleg afstaða til deiluefnisins. Oft eru dómur héraðsdóms staðfestir, stundum er þeim breytt lítillega en á tíðum er þeim hreinlega kollvarpað. Gífurlega mikilvæg vörn réttarríkisins felst í þessari endurskoðun. Þó eiga ekki allir rétt á slíkri endurskoðun.

Eina af þeim takmörkunum sem eru á Íslandi á endurskoðun æðra dómstóls er að finna í 152. gr. laga um meðferð einkamála. Þar segir að ef mál varði fjárkröfu sé það skilyrði áfrýjunar að fjárhæð hennar nemi 300.000 krónum. Þessi fjárhæð er uppreiknuð árlega miðað við lánskjaravísitölu og nemur 734.860 krónum fyrir árið 2013, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hæstaréttar. Sams konar reglu er að finna í lögum um meðferð sakamála. Þetta þýðir á mannamáli að í ýmsum málum eiga einstaklingar ekki rétt á endurskoðun æðri dómstóls vegna þess að fjárkrifa málsins er ekki nægilega há. Um leyfi til áfrýjunar í slíkum málum þarf að sækja sérstaklega til Hæstaréttar, sem veitir ekki rökstuðning fyrir samþykki sínu eða synjun.

Þegar fjallað er um mikilvæg réttindi á borð við tjáningarfrelsi má velja fyrir sér hvort réttlætlanlegt sé að hafa slíkar takmarkanir á heimild til áfrýjunar. Tökum sem dæmi dómstól þar sem fólk sem stundað hefur friðsamleg mótmæli hefur verið dæmt fyrir óhlýðnast fyrirmælum lögreglu um að láta af mótmælunum.

Friðsamleg mótmæli eru mikilvæg bæði lýðræði og réttarríkinu og slík tjáning er sérstaklega varin bæði í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Það er því grafalvarlegt mál að áfrýjunarleyfi fái ekki í slíkum málum þar sem um er að tevla rétti einstaklingsins til að fá endurskoðun á því mikilvæga hagsmunamati er felst í tjáningarfrelsi annars vegar og fyrirvaralausri skyldu til að hlýða fyrirmælum lögreglu í samræmi við lögreglulög hins vegar.

Einnig getur myndast innbyggð skekkja sóknaraðilum til góðs vegna reglna um áfrýjunarleyfi. Tökum dæmi. Karlmaður stefnir einstaklingi út af meiðyrðum (hér er sóknaraðili kyngreindur enda virðast það fyrst og fremst vera hörundssárir karlmenn sem stofna til meiðyrðamála fyrir dómi). Stefnandi krefst einnar milljónar króna í skaðabætur vegna sinnar meiddu æru. Ef hann tapar málinu fyrir héraðsdómi á hann rétt á að áfrýja þar sem áfrýjunarfjárhæð er ákveðin eftir höfuðstól kröfu, í þessu tilfelli ein milljón króna. Ef hann hins vegar vinnur eru talsverðar líkur á að skaðabætur sem stefnda yrði gert að greiða yrðu undir 734.860 kr., sem er lágmarksfjárhæð hvað áfrýjun varðar. Þá þyrfti dómþoli að lúta því að tjáningarfrelsi hans, sem verndað er með stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu, hefði verið þrengt með ákvörðun dómstóls án þess að hægt væri að fá þá ákvörðun endurskoðaða nema með því að fara bónleiðina til Hæstaréttar og þola mögulega órökstudda neitum við beiðni um leyfi til áfrýjunar. Ekki verður því á það fallist að fullt jafnræði sé með aðilum hvað þetta varðar.

Lögmönnum er kunnugt um ýmis dæmi þess að hafnað hefur verið beiðnum um áfrýjun á málum er varða tjáningarfrelsi þar sem héraðsdómstólar dæmdu einstaklingum sem viðhöfðu tjáningu í óhag. Einnig eru dæmi þess efnis að ekki hafi verið fallist á áfrýjunarleyfi í málum er varða frelssviptingu einstaklinga. Þó má þess geta að íslenska ríkinu virðist reynast auðveldara að fá áfrýjunarleyfi í tengslum við slík mál. Þegar svo er komið má spyrja hvort við séum komin út á hálan ís hvað varðar jafnræðisreglu og rétt til réttlátrar málsmeðferðar.

„Réttarríki er fallett orð. Rétt eins og „lýðræði“ sem enginn myndi þora að hallmæla. Nær allir virðast sammála um að við ættum virða og verja réttarríkið okkar. En hvað þýðir þetta orð?“



Deildu með umheiminum





Barátta hins gamla og nýja í Reykjavík

STJÓRNMÁL

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Deildu með umheiminum

Vaxandi spenna hefur verið meðal fólks í Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík fyrir prófjör flokksins 16. nóvember næstkomandi. Fjögur sækjast eftir því að leiða lista flokksins í borginni í kosningunum næsta vor; borgarfulltrúarnir Hildur Sverrisdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, og síðan Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og fyrrverandi bæjarstjóri á Ísafirði. Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í





Smelltu til að kynna þér hverjir hafa atkvæðisrétt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík, Vörður, hélt fund með frambjóðendum í 1. sæti síðastliðinn mánudag þar sem þeir gerðu grein fyrir stefnumálum sínum í ræðum.

Prófkjörsbaráttan hefur einkennst af „baráttu milli hins nýja og gamla í Reykjavík“ eins og einn flokksbundinn sjálfstæðismaður komst að orði. Þorbjörg Helga og Hildur eru frekar settar í hóp þeirra sem vilja nýjar áherslur á meðan Júlíus Vífill og Halldór eru sagðir ná betur til þeirra sem teljast vera eldri sjálfstæðismenn, að því er heimildarmenn Kjarnans segja. Nokkuð skörp skil virðast vera á milli þess fólks sem telst til baklands frambjóðendanna út frá þessum áherslum.

Þorbjörg Helga sagði til að mynda í ræðu sinni að í síðustu kosningum hefði fylgi Sjálfstæðisflokksins verið mun minna hjá ungu fólki en því eldra. Þessu þyrfti að breyta ef árangur ætti að nást í kosningunum. „Margir yngstu kjósendanna eru ekki einu sinni tilbúnir að ræða við okkur. Tölurnar tala sínu máli. Við áttum verulega undir högg að sækja meðal yngri kjósenda í síðustu kosningum. Flokkurinn okkar virðist auk þess eiga erfitt með að ná til kvenna. Í nýlegri könnun voru tölurnar svona: Kjósendur undir þrítugu: 19% fylgi. Kjósendur 65 ára og eldri: yfir 40% fylgi,“ sagði Þorbjörg Helga í ræðu sinni og bætti við: „Ég hef áhyggjur af þessu. Það eru stórir, og mikilvægir, hópar borgarbúa sem telja sig ekki eiga samleið með okkur lengur.“

Flugvöllurinn ekki stóra málið

Viðbúið var að harkalega yrði deilt um flugvöllinn í Vatnsmýri í aðdraganda prófkjörsins, allt þar til nýtt samkomulag um flugvöllinn var undirritað. Fyrirverandi oddviti Sjálfstæðisflokksins, Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra, var í forsvari þegar samkomulagið var kynnt hinn 25. október síðastliðinn. Jón Gnarr borgarstjóri skrifaði einnig undir það fyrir hönd Reykjavíkurborgar eins og Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, Hanna Birna og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fyrir hönd ríkisins og Björgólfur Jóhannsson fyrir hönd Icelandair Group. Í

„Þorbjörg Helga og Hildur eru frekar settar í hóp þeirra sem vilja nýjar áherslur á meðan Júlíus Vífill og Halldór eru sagðir ná betur til þeirra sem teljast vera eldri sjálfstæðismenn, að því er heimildarmenn Kjarnans segja.“

samkomulaginu felst að flugvöllurinn verði starfræktur áfram í núverandi mynd til ársins 2022 og að fullkannaðar verði aðrar mögulegar staðsetningar fyrir flugvöllinn til langrar framtíðar litið.

Með þessu samkomulagi fór mesti vindurinn úr deilum innan Sjálfstæðisflokksins í aðdraganda prófkjörsins. Einn heimildarmanna Kjarnans innan Sjálfstæðisflokksins sagði þetta „bæði gott og slæmt“. Vissulega væru átökin minni, en áhuginn á prófkjörinu væri það einnig þar sem skipulagsmálin fengju ekki jafn mikið vægi og þau hefðu fengið ef samkomulagið hefði ekki verið undirritað á þessum tímapunkti. Þrátt fyrir deildar meiningar gæti það gert flokknum gott að ræða þessi málum með berum orðum.

Júlíus Vífill talaði fyrir því á fyrrnefndum fundi Varðar að flugvöllurinn ætti að fara aftur á aðalskipulag borgarinnar til þess að tryggja framtíð hans í Vatnsmýri. Þetta gengur mun lengra en efnisatriði samkomulagsins og sýnir svo ekki verður um villst að sitt sýnist hverjum í Sjálfstæðisflokknum um hvort flugvöllurinn eigi að vera áfram í Vatnsmýri eða ekki.

Hreinn meirihluti?

Alls eru tuttugu frambjóðendur í prófkjörinu, sjö konur og þrettán karlar. Borgarfulltrúarnir Kjartan Magnússon og Áslaug María Friðriksdóttir sækjast bæði eftir endurkjöri, Kjartan stefnir á 2. sæti og Áslaug María 2. til 3. sæti.

Júlíus Vífill og Halldór lögðu áherslu á það að Sjálfstæðisflokkurinn ætti að stefna á „hreinan meirihluta“ í kosningunum næsta vor, þegar þeir fluttu ræðu á fundi Varðar síðastliðinn mánudag. Ljóst er að mikið þarf að breytast til að sú verði raunin, sé litið til skoðanakannana Capacent. Síðasta könnun, sem gerð var áður en Jón Gnarr borgarstjóri tilkynnti að hann myndi hætta og Besti flokkurinn yrði lagður niður, mældi Sjálfstæðisflokkinn með 31 prósents fylgi í Reykjavík. Besti flokkurinn, sem nú er runninn inn í Bjarta framtíð, mældist með 37 prósentu fylgi á sama tíma. Miklar breytingar þurfa því að verða á hinu pólitíska landslagi ef hreinn meirihluti á að nást.

ÍTAREFNI

Frambjóðendur í
prófkjörinu

Á vef Sjálfstæðisflokksins

Borgarfulltrúarnir í
Reykjavík

Á vef Reykjavíkurborgar

Samkomulag um
flugvöllinn

Á vef Innanríkisráðuneytisins

Smelltu á fyrirsagnimar
til að lesa ítarefnið

Hildur, Áslaug og Þorbjörg Helga hafa rætt um nauðsyn þess að eiga samstarf við aðra flokka í borginni og vinna að nýjum áherslum frekar en að tala fyrir möguleikanum á hreinum meirihluta í kosningum. Í þessum orðum má greina útrétta sáttahönd en um leið vilja til þess að koma Sjálfstæðisflokknum aftur í forystu, þótt það sé í samstarfi við aðra.

Leiðtogavandi

Eftir að Hanna Birna hvarf á braut hefur ekki verið augljóst hver ætti að taka við leiðtogahlutverki í Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík. Prófkjörið á laugardaginn mun skýra það en stóra spurningin sem eftir stendur er hvort nægilega mikil eining muni ríkja um nýjan leiðtoga. Erfitt er að sjá fyrir sér að Þorbjörg Helga, eftir tólf ár í borgarmálunum, sætti sig við að vera neðar en í öðru sæti hið minnsta, ef Júlíus Vífill eða Halldór verður kosinn til þess að leiða listann. Hvernig sem fer bíður Sjálfstæðisflokksins og þess fólks sem velst á lista hans erfitt hlutskipti í sveitarstjórnarkosningunum næsta vor í ljósi slæmrar stöðu hans nú, bæði í minnihluta í borgarstjórn og í skoðanakönnunum.



Skuldafíkill kaupir þurrkara á afborgunum

ÁLIT

Árni Helgason
lögmaður



Þegar kemur að því að taka lán eru Íslendingar svolítið eins og maður í eyðimörk að leita að vatni. Þegar loksins býðst vatn til sölu er hvorki spurt út í kostnað né gæði heldur er vatnið keypt og þambað af áfergju. Svo er dílað við afleiðingarnar síðar. Undanfarin ár hafa Íslendingar t.d. gefið í þegar kemur að yfirdráttarlánum og starfsemi smálánafyrirtækja hefur blómstrað árin eftir hið „svokallaða, hugsanlega og meinta“ hrun efnahagslífsins.

Af þessu hafa margir miklar áhyggjur. Ekki bara hér á landi heldur víðar í Evrópu. Núna í byrjun nóvembermánaðar tóku gildi ný lög um neytendalán sem byggja á Evróputilskipun og auka gríðarlega alla pappírsvinnu í kringum smærri lán til einstaklinga og banna slík lán í ákveðnum tilvikum, að minnsta kosti í orði kveðnu.

En þrátt fyrir allt okkar bölv og ragn út af skuldamánum og ólund Íslendinga í garð lánastofnana eru þeir sennilega afar fáir sem myndu vilja fara aftur til þess tíma þegar lífsins gæði voru alls ekki í boði fyrir en fólk hafði safnað sér fyrir þeim. Þótt skuldabynnkan geti verið hrikaleg er ekki þar með sagt að fólk sé tilbúið að hætta að djamma.

Áhætta hvers og eins

Og í grunninn er þetta viðhorf Íslendinga ekkert til að hafa áhyggjur af. Lánveiting er ákvörðun tveggja aðila, þess sem veitir lánið og þess sem tekur það. Báðir taka með því ákveðna áhættu og stundum verða vanskil. En þótt lán sé ekki að fullu endurgreitt heldur lífið áfram. Lánveitandinn reynir að innheimta og skuldarinn þarf á endanum að semja eða fara í einhver úrræði ef vandinn er orðinn mikill. Engir hvolpar deyja þótt vanskil verði á láni upp á nokkur hundruð þúsund. Skuldavandi heimilanna stafaði ekki af kreditkortalánum til að kaupa heimilistæki eða yfirdrætti upp á hálf milljón heldur var það gríðarleg hækkun fasteignalána, eignabruni og minnkandi ráðstöfunartekjur sem gerðu út af við flesta.

Námsmenn og ungt fjölskyldufólk eru dæmi um hópa sem nýta sér skammtímaskuldir, til dæmis til að mæta óvæntum útgjöldum. Þetta er sá tími ævinnar þegar fólk hefur lágar tekjur, mikil útgjöld og ekki náð að koma sér upp sparnaði eða varasjóði. Svo þegar hagurinn vænkast eru þetta lán sem fólk gerir upp. Í mörgum tilfellum munu nýju lögin verða til þess að flækja verulega eða jafnvel klippa alveg á að fólk í þessari stöðu fái lán. Velta má fyrir sér afleiðingunum af þessu og hvort þetta kunni að leiða til þess að einhvers konar neðanjarðarstarfsemi varðandi lánveitingar aukist ef hefðbundnum lánastofnunum er orðið óheimilt að veita skammtímalán. Eitt er víst – óvænt útgjöld hætta ekki að verða til.

Ekki svo að skilja að maður myndi mæla með því við neinn að taka yfirdrátt eða smálán. Rétt eins og maður myndi ekki mæla með því við neinn að fara og borða kvöldmatinn sinn á KFC. Ef vinur minn bæði mig um að mæla með veitingastað og hafa bestu hagsmuni hans í huga myndi ég sennilega enda á að nefna Gló eða Mann lifandi eða einhvern af þessum stöðum sem maður þykist hafa borðað á. En það er betra að fara á KFC en að borða ekki og svo vinnur fólk úr afleiðingunum í kjölfarið, andlega og líkamlega.

Bannað að lána í vissum tilfellum

Nýju neytendalánalögin kveða á um ávallt skuli fara fram lánshæfismat þegar tekið er lán en greiðslumat þegar lán er yfir tveimur milljónum króna. Í lögum er síðan kveðið á um að óheimilt sé að veita lántaka lán ef mat á lánshæfi eða greiðslumat leiðir í ljós að hann hafi „augljóslega ekki fjárhagslega burði“ til þess að standa í skilum með lánið. Orðalagið er auðvitað matskennt, þ.e. hvernig á að skilgreina hvenær einhver hefur augljóslega ekki fjárhagslega burði til að standa við hitt eða þetta, en í stað þess að lánveitandanum sé leyft að bera þessa áhættu hefur löggjafinn ákveðið að banna að slík lán séu veitt.

Að minnsta kosti að nafninu til.

Í greinargerð með lögum segir nefnilega að ekki sé „tekin afstaða til stöðu lánsamninga þegar lánað er án þess að lánshæfismat fari fram, og greiðslumat, ef við á, eða ef lántaki hefur augljóslega ekki fjárhagslega burði til þess að standa í skilum með lánið. Dómstólum er látið eftir að móta framkvæmd á því sviði.“

Lánin halda samt gildi sínu

Með öðrum orðum kveða lögin ekki á um neinar afleiðingar þess að veita slík lán þótt ekki sé farið að lögum. Einu afleiðingarnar af því að fara gegn ákvæðum laganna eru að viðkomandi lánveitandi getur verið sektaður af Neytendastofu.

Það er því ákveðin ráðgáta hvers vegna lán sem þessi eru bönnuð, fyrst þau eru í grunninn ekki ógildanleg. Því má velja fyrir sér hvað myndi gerast ef slíkt lán yrði veitt. Tökum dæmi: Maður nokkur fer og kaupir sér nýjan þurrkara úti í búð og dreifir greiðslum til sex mánaða en stendur ekki í skilum. Í ljós kemur að ekki var unnið lánshæfismat á skuldarinum í upphafi. Á hann þá rétt á að fá lánið fellt niður? Ef svo er, þyrfti hann ekki þá að skila þurrkaranum, svo að hann hafi nú ekki grætt á þessu öllu saman? Og hvað með þurrkarann, sem er nú orðinn nokkurra mánaða gamall? Á lánveitandinn þá að fara út í kostnað við að sækja þurrkarann og sitja upp með nokkura mánaða gamlan þurrkara? Sama ætti við um t.d. yfirdráttarlán upp á 500 þúsund krónur – ætti skuldarinn að skila peningunum? Eða er hann 500 þúsund krónum ríkari?

Að ákveða með lögum fyrir fram hverjum lánveitandi má lána og hverjum ekki, þegar lánveitandinn ber áhættuna sjálfur, er óskiljanlegt.

„Tekið á“ smálánafyrirtækjum

Smálánafyrirtækin á landi hafa fengið töluverða athygli að undanförunu og ákvæði nýju laganna um 50% hámarksálag á einu ári er greinilega beint að þeim. Þótt mikil ásókn hafi verið í smálán undanfarin ár, bæði hér á landi og annars staðar, virðist þessi starfsemi hafa verið stjórnmalamönnum og ýmsum fleirum sérstakur þyrnir í augum með þeim rökum að teknir séu háir vextir. Þetta eru reyndar sömu stjórnmalamennirnir og gerðu ekkert sérstakt í því þegar dráttarvextir í landinu voru 25-27%, á sama tíma og heimilin voru hvað verst sett með sín skuldamál. En verða svo alveg foxillir þegar sá sem fær lánaðar kr. 20.000 þarf að endurgreiða kr. 20.678 þrjátíu dögum síðar. Vissulega er það hátt hlutfall, t.d. reiknast það sem um 40% ársvextir, en þetta er samt sem áður bara þessi fjárhæð, kr. 678. Á móti kemur hins vegar að viðkomandi fær lán strax, án þess að leggja fram tryggingar eða veð, heldur er lánið einfaldlega veitt í trausti þess að það verði endurgreitt. Áhætta lánveitandans er því umtalsverð og afskrifa þarf töluverðan fjölda þessara lána.

Tilviljanakennd inngríp

Þessi tilviljanakenndu inngríp stjórnvalda í lánamál eru illskiljanleg. Smærri lán til einstaklinga hafa hjálpað mörgum fram til þessa og verið veitt án sérstakra vandamála og án þess að gera þurfi lánshæfismat í þúsundavís á degi hverjum. En það má auðvitað alltaf finna sér vandamál til að setja lög um ef menn eru þannig þenkjandi. Það val sem einstaklingur hefur staðið til boða hingað til, þ.e. að geta bjargað sér með skammtímafjármögnun, hefur nú verið takmarkað fyrir töluverðan hóp fólks, kannski einmitt þann hóp sem þarf hvað mest á slíku vali að halda.

„Þótt mikil ásókn hafi verið í smálán undanfarin ár, bæði hér á landi og annars staðar, virðist þessi starfsemi hafa verið stjórnmalamönnum og ýmsum fleirum sérstakur þyrnir í augum með þeim rökum að teknir séu háir vextir.“



Deildu með umheiminum



Aðeins í iPad!

EXIT

Ókeypis í iPad!
Svartöppum

Smelltu á myndirnar til að skoða myndirnar

ARCHIVER

Já, er það...

Hversu vel lest þú Kjarnann?

I

Hagnaður Samherja í fyrra var um 16 milljarðar króna.

Hagnaður Samherja í fyrra var um sex milljarðar króna.

II

Ofurfellibylurinn Haiyan

Ofurfellibylurinn Haiyan

Þetta efni er aðeins aðgengilegt í iPad-útgáfu Kjarnans

Þetta efni er aðeins aðgengilegt í iPad-útgáfu Kjarnans

EBAY FOR IPAD
FRITT

Ókeypis í iPad!

DRAGDU TIL AÐ SJÁ MEIRA

Samfélagið segir...

um hvað sé fegursta orð íslenskrar tungu:



BRAGI VALDIMAR SKÚLASON

Ljósmyndir?! Vilji þú ekki bara velta ykkur upp úr húnangsaljádum rósaflóðum og seldra yfir ykkur flórsykri í leiðinni, væmmisyrðingarnir ykkar?

Aðeins í iPad!

EXIT

Í KJARNADFNINUM 14. nóvember 2013

Þessi efni er aðeins aðgengilegt í iPad-útgáfu

Kjarninn á...

Spilla á myndbönd og í tölvu



Þetta efni er aðeins aðgengilegt í iPad-útgáfu Kjarnans



[instagram.com/kjarninn](https://www.instagram.com/kjarninn)

Stóðum þinn daginn tví og þrjú tölur mín vor.
Þar eru sömu kjarnaelementin og appið
hefur í dag."

Drepum tímann

Fátt er betra til að drepa
tímann en að spila borðspil
við sjálfan sig. Smelltu til að
spila klassískan „solitaire“ eða
ráða sudoku-þrautir.



KAPALL

SUDOKU